# FRÉTTABLAÐIÐ

148. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 24. JÚNÍ 2016





# Inni eða úti?

**Ungur maður heldur á spjaldi þar sem Bretar eru hvattir til að vera áfram í Evrópusambandinu fyrir utan Kings Cross brautarstöðina í Lundúnum í gær. Kosið var um aðild Breta að ESB í gær. Kjörstöðum var lokað klukkan tíu. Aðildarsinnar naumlega yfir í fyrstu tölum frá Newcastle. Endanleg niðurstaða fæst árdegis í dag.** ➔4

NORDICPHOTOS/AFP

## Treystir ekki forystu Samfylkingar

**FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ** „Það segir sig sjálft, ég get ekki stutt Oddnýju,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, umdæmisstjóri hjá UN Women og fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar. Oddný Harðardóttir er núverandi formaður.

Ingibjörg segir Oddnýju hafa brugðist í Landsdómsmálinu. „Þetta var gríðarlega erfitt, með því erfiðara sem ég hef gengið í gegnum. Þetta voru samherjar mínir sem vildu ákæra mig og það var mér tilfinningalega mjög erfitt,“ segir hún.

„Ég treysti ekki því fólki sem fór fyrir í þessu máli í Samfylkingunni, og ekki því fólki sem greiddi ákærunni atkvæði sitt, mér fannst það bregðast. Ég hef aldrei haldið því fram að ég hafi ekki borið pólitíska ábyrgð í þeirri ríkisstjórn sem ég sat.“

Ingibjörg segir dapurlegt að sjá stöðu Samfylkingarinnar í dag, – **ósk, vh /** **sjá síður 8 og 10**



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Elín Hirst skrifar um kvenna-krónur. 16

**MENNING** Egill Sæbjörnsson. 26

**SPORT** Íslenska fótboltalandsliðið fékk kraft úr óvæntri átt. 20

**LÍFIÐ** Lóan er á leiðinni og hún er rándýr 34

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**Stjörnuspá Siggu Kling** SÍÐA 32






## Veður




Sunnanátt í dag, föstudag. Nokkuð hvasst á norðanverðu Snæfellsnesi, annars hægari vindur. Sólskin og hlýtt veður á Norður- og Austurlandi, en fer að rigna suðvestan- og vestanlands. Seinni partinn nær rigningin einnig inn á Norðvesturland. SJÁ SÍÐU 24

# Kæra kosningu utan kjörfundar

**FORSETAKOSNINGAR** Utankjörfundarkosning í forsetakosningum 2016 hefur verið kærð til Hæstaréttar Íslands. Kærendur eru Bjarni V. Bergmann, Þórólfur Dagsson og Björn Leví Gunnarsson.

Kæran byggist á því að það hafi ekki samræmst ákvæðum laga um framboð og kjör forseta Íslands að hefja utankjörfundaratkvæðagreiðslu áður en upplýsingar lágu fyrir um hvaða einstaklingar hefðu skilað inn löglegu framboði. Þess er krafist í kærunni að sá hluti utankjörfundarkosningarinnar, sem fór fram áður en nöfn frambjóðenda lágu fyrir, verði felldur úr gildi.

„Það er alveg sorglegt hvað hefur verið lítið farið að kosningalögum og það er okkar allra að tryggja það að það séu viðhöfð fagleg og góð vinnubrögð. Frambjóðendur voru að reyna að skila meðmælalistum og máttu það ekki og það komu fréttir um það að enginn væri í framboði," segir Bjarni Bergmann.

„Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) benti á að það væri óásættanlegt að fram færi utankjörfundaratkvæðagreiðsla án þess að fyrir lægi hver væri í kjöri. Þetta er líka gagnvart fjölmiðlum og frambjóðendum að frambjóðendur njóti jafnræðis í kosningabaráttunni, að hún fari ekki af stað áður en ljóst er hverjir eru í kjöri," segir Bjarni. **– sg**

> **Það hafa verið faglegri vinnubrögð í öðrum löndum. Við viljum vera fagleg og þá þarf að laga þessa hluti.**



Bjarni V. Bergmann

# Vörnin skiptir máli



Sveinbjörn Brandsson, læknir karlalandliðsins í fótbolta, fylgist með meðan strákarnir okkar bera á sig sólarvörn í höfuðstöðvunum í Annecy í gær. Hitinn fór yfir þrjátíu stig. Landsliðið nýtir næstu daga í æfingar og hvíld en næsti leikur er gegn Englandi á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ræða breytta skattlagningu

**ORKUMÁL** Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur brugðist við óskum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samorku og Samtaka orkusveitarfélaga um að skipa starfshóp til að ræða hugmyndir um breytta skattlagningu virkjana og flutningskerfa. Telja þessir aðilar mikilvægt að nærsamfélög fái sanngjarnar tekjur af þessum mannvirkjum í samhengi við umhverfisáhrif þeirra.

Talið er að það auki líkur á samfélagslegri sátt um þróun í orkumálum ef nærsamfélög virkjana njóta sanngjarnrar hlutdeildar í tekjum sem skapast af raforkuframleiðslu, eins og kemur fram í tilkynningu ráðuneytisins en starfshópurinn mun greina skattlagningu mannvirkja sem framleiða raforku eða flytja hana. **– shá**

# Í fangelsi eftir að hafa stungið mann í lærið

**Íslensk kona stakk karlmann nokkrum sinnum í lærið með hníf í apríl. Situr í fangelsi á Akureyri. Fórnarlambið og konan þekktust ekki. Lögreglufulltrúi segir rannsókn málsins vera á lokastigi en ekki hefur enn þá verið gefin út ákæra.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslensk kona var handtekin í lok apríl síðastliðins fyrir að hafa stungið karlmann nokkrum sinnum í lærið með hníf. Konan er fædd árið 1983. Árásin átti sér stað í bíl í Breiðholti en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tengjast konan og maðurinn ekki neitt og hittust í fyrsta skipti kvöldið sem atvikið átti sér stað. Til átaka kom milli þeirra eftir að hann hafði fengið far hjá henni en önnur kona var með í för. Sú kona er ekki sakborningur í málinu. Þá herma heimildir Fréttablaðsins að deilt hafi verið um greiðslu fyrir farið.

Maðurinn var fluttur á slysadeild í kjölfar atviksins og konan handtekin og færð í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Í dag er hún í fangelsinu á Akureyri. Hún segist muna lítið sem ekkert eftir atvikinu.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum blaðsins er til upptaka af samskiptum mannsins og konunnar áður en hún stakk hann sem verður notuð sem sönnunargagn í málinu.

Ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir konunni en hún var á reynslulausn þegar atvikið átti sér stað og því ekki þörf á gæsluvarðhaldsúrskurði. Hún fékk dóm árið 2013 fyrir ítrekaðan ölvunarakstur og fíkniefnalagabrot.

Einar Guðberg Jónsson, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsókn málsins vera á lokastigi og að málið verði sent á ákærusvið á næstu dögum. Þá mun koma í ljós hvort gefin verði út ákæra.

„Málið er í rannsókn og þar af leiðandi get ég ekki tjáð mig um það að svo stöddu," segir Steinbergur Finnbogason, verjandi konunnar.

nadine@frettabladid.is




Maðurinn var fluttur á slysadeild í kjölfar atviksins en konan handtekin og færð í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Málið er í rannsókn og þar af leiðandi get ég ekki tjáð mig um það að svo stöddu.**

Steinbergur Finnbogason lögmaður

AFMÆLISTILBOÐ 50 ára
LANDMANN ferðagasgrill

AFMÆLISTILBOÐ
18.900
Nr. 12050
grillbudin.is
LANDMANN 50 ÁRA
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400




## Áður óséð AURISatilboð til enda júní

á öllum gerðum Auris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

**Auris** og **Auris Touring Sports** eru sólarmegin í sumar og bjóðast núna á áður óséðum kjörum, hvort sem þú velur hybrid-, dísil- eða bensínútfærslu. Nýttu þér þetta sólríka sértilboð sem gildir í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum. Njóttu blíðunnar í Auris sem er eins og skapaður fyrir þægilegt ferðalag með fjölskyldu og vinum um landið þvert og endilangt.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Verðdæmi á við Auris Live 1.4 dísil á 15" felgum frá Toyota Kauptúni. Verð getur verið mismunandi milli viðurkenndra söluaðila.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Grafast fyrir um kynbundinn launamun innan sveitarfélaganna

**KJARAMÁL** Sveitarfélög landsins hyggjast kafa ofan í orsök kynbundins launamunar starfsmanna þeirra í kjölfar niðurstöðu nýrrar kjarakönnunar félagsmanna Bandalags íslenskra háskólamanna. Könnunin sýndi að kynbundinn launamunur hefur rokið upp í sveitarfélögum landsins, utan Reykjavíkurborgar, milli áranna 2014 og 2015, úr átján prósentum í 29 prósent.

Forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga telja ástandið alvarlegt og munu gera úttekt á áhrifum starfsmats á launamun kynjanna í haust.

Sérstakar kannanir um kynbundinn launamun hafa ekki verið gerðar innan Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Við erum að skoða núna okkar gögn og erum búin að óska eftir fundi með BHM. Við munum taka næstu daga í að fara yfir þetta. Við viljum greina þessa stöðu vel. Við lítum þetta mjög alvarlegum augum,“ segir Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins.

„Það var gerður kjarasamningur í apríl við öll félögin í BHM um að fara í starfsmat, í apríl var stigið fyrsta skrefið í því. Þetta var allt saman skoðað og algjörlega stokkað upp á nýtt og sú aðgerð hefur örugglega haft mjög jákvæð áhrif varðandi launamun kynjanna, þetta var í gangi á sama tíma og könnunin var gerð,“ segir Inga Rún.

„Við munum líka gera könnun á því hvernig það hefur raungerst. Við munum gera nákvæma úttekt á því í október.“

> Þetta var allt saman skoðað og algjörlega stokkað upp á nýtt og sú aðgerð hefur örugglega haft mjög jákvæð áhrif varðandi launamun kynjanna



Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

Svör fengust ekki í tæka tíð um kynbundinn launamun innan sveitarfélaga sem haft var samband við nema frá Akureyrarbæ og Garðabæ. Á Akureyri verður gerð rannsókn í haust sem nær þá yfir öll stéttarfélög starfsmanna. Ekki var marktækur kynbundinn munur á heildarlaunum karla og kvenna hjá Garðabæ samkvæmt könnun sem gerð var árið 2014. Við skoðun innanhúss í gær er ekki um kynbundin launamun að ræða hjá Garðabæ samkvæmt upplýsingum frá starfsmannahaldi. – sg

## Japanar vara við Norður-Kóreumönnum

**JAPAN** Veruleg ógn stafar af Norður-Kóreumönnum. Þetta er mat Gen Nakatani, varnarmálaráðherra Japans. Norður-Kóreumenn skutu í gær á loft tveimur eldflaugum með nokkurra klukkustunda millibili og náði sú seinni að fljúga um 400 kílómetra í um þúsund kílómetra hæð. „Þessar eldflaugar eru veruleg ógn við öryggi Japans,“ sagði Nakatani á blaðamannafundi í gær.

Hershöfðingjaráð Suður-Kóreumanna sendi út yfirlýsingu í gær þar sem Suður-Kórea og Bandaríkin eru sögð starfa að greiningu á seinni eldflauginni og því hvort skotið geti talist vel heppnað. Ef það væri raunin teldust það góðar fréttir fyrir Norður-Kóreumenn sem hafa klúðrað fjórum skotum undanfarna mánuði.

Samkvæmt Marshall-stofnuninni ættu langdrægustu eldflaugar Norður-Kóreumanna, Taepodong 2, að geta flogið um 8.000 kílómetra og myndu þá ná alla leið til Íslands. – þea

> Langdrægustu eldflaugar Norður-Kóreumanna gætu náð til Íslands.

## Sameinaði og Stafir sameinast

**VIÐSKIPTI** Stjórnir Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs hafa samþykkt að hefja formlegt samrunaferli með það að markmiði að bera sameiningu sjóðanna undir atkvæði á aukaársfundum í haust. Stjórnir beggja sjóða staðfestu þetta í dag í ljósi niðurstöðu könnunarviðræðna sem hófust í maí.

Framundan er að staðfesta tryggingafræðilegar forsendur, fara yfir eignir og eignamat og gera áreiðanleikakönnun hjá báðum sjóðum. Þá þarf að samþætta samþykktir sjóðanna og fjalla um ýmsa aðra þætti. – jhh

# Aðildarfólk yfir í fyrstu tölum

**Kosið var um Brexit í gær. Nigel Farage, leiðtogi UKIP, gerði frekar ráð fyrir ósigri. Mikil rigning hafði áhrif á framkvæmd kosninganna og nokkrir kjósendur lýstu yfir áhyggjum sínum af kosningasvindli.**

**BRETLAND** Aðildarsinnar höfðu nauman meirihluta í fyrstu tölum úr þjóðaratkvæðagreiðslu um Brexit, hvort Bretland ætti að skilja sig frá Evrópusambandinu í gær. Kjörsókn var áætluð nálægt 70 prósentum.

Í Newcastle voru 50,7 prósent fylgjandi aðild og 49,3 prósent á móti. Þá lágu fyrir niðurstöður frá Gíbraltar og Orkneyjum, en þar voru fleiri fylgjandi aðild líkt og búist hafði verið við.

Fyrir kosningarnar höfðu sérfræðingar spáð því að ef kjörsókn væri lítil yrði líklegra að aðskilnaðarsinnar bæru sigur úr býtum. „Þeir sem líklegastir eru til að mæta á kjörstað eru eldri, hvítir kjósendur Íhaldsflokksins og þeir kjósa helst á móti aðild að sambandinu,“ sagði Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur við fréttastofu í gær.

Fyrstu tölur höfðu ekki borist þegar Fréttablaðið fór í prentun og voru engar útgönguspár gerðar. Endanleg niðurstaða var hins vegar væntanleg um klukkan sex í morgun. Skoðanakannanir bentu til einkar spennandi kosninga og höfðu lengi gert.

Blaðamaður Fréttablaðsins í Lundúnum sagði litla sem enga hátíðarstemningu á götum borgarinnar í gær þrátt fyrir að það væri kjördagur. Mikið hafi rignt, bæði í Lundúnum og um allt Suðaustur-Bretland.

Þeir Lundúnabúar sem blaðamaður náði tali af á götum borgarinnar í gær voru einna helst skelkaðir enda mikið undir. Ef Bretar hafna aðskilnaði er óvíst að annað tækifæri fáist til þess að kjósa um aðskilnað frá Evrópusambandinu. Það hefur þó einu sinni verið gert áður en ráðist var í sambærilega þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1975.

Breska pundið sem og fjármálamarkaðir hafa sveiflast eftir skoðanakönnunum síðustu vikur. Betur gengur og gengið er hærra þegar Evrópusinnar eru í meirihluta í könnunum en gengið hefur sveiflast niður á við þegar aðskilnaðarsinnar virðast fleiri. Þóra Helgadóttir, sem situr í fjármálaráði breska þingsins, sagði allflesta hagfræðinga sammála um að Brexit yrði slæmt fyrir hagkerfið. „Í raun og veru hef ég ekki séð hagfræðing sem mælir með því að við förum úr sambandinu,“ sagði Þóra í gær.

Nigel Farage, formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands (UKIP), sagði allt benda til þess að Bretar hefðu kosið gegn aðskilnaði. „Það lítur út fyrir að Evrópusinnar vinni með minnsta mun. Hvorki ég né UKIP erum þó að fara neitt og flokkurinn mun halda áfram að styrkjast í framtíðinni,“ sagði Farage í gær. Farage hefur barist fyrir Brexit í um tvo áratugi. „Hvort sem þið hatið hann eða elskið hann, þá er þetta dagur Nigels Farage. Án hans hefði ekki verið hægt að kjósa um aðskilnað,“ segir í fyrirsögn fréttar Telegraph frá því í gær.

Nokkrir Bretar lýstu á samfélagsmiðlum áhyggjum af því að kosningasvindl væri í uppsiglingu, því eingöngu hafi verið boðið upp á að fylla út kjörseðla með blýanti en ekki penna. Frá þessu greindi The Guardian. Talskona kosningastjórnarinnar sagði þó ekkert í lögum kveða á um penna eða blýanta. „Kjósendum er velkomið að koma með sína eigin penna,“ sagði hún. thorgnyr@frettabladid.is, kristjanabjorg@frettabladid.is




**Tesopi fyrir slaginn** Hægt var að kjósa á mörgum kjörstöðum í Bretlandi í gær. Hér er til að mynda þvottahús í Headington nærri Oxford nýtt sem kjörstaður. Umsjónarmenn bíða fyrstu kjósenda í gærmorgun. NORDICPHOTOS/AFP

> Það lítur út fyrir að Evrópusinnar vinni með minnsta mun. Hvorki ég né UKIP erum þó að fara neitt og flokkurinn mun halda áfram að styrkjast í framtíðinni.

Nigel Farage, formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands






Vegna breytinga á húsnæði í 101 þá er til sölu mikið af vönduðu efni svo sem: glerveggir/kerfisveggir(90m), ofnar(100 st),rúllugluggatjöld(99st), kerfisloft(500fm), ljós(80 st), móttökuborð, eldhúsháfur, raflagnaefni, skápar, viftur, loftræsti-og kælikerfi, ljósavél, hurðir, teppaflísar, WC ofl. Sjá: www.efnisveita.wix.com/0101 eða gsm 868 5007. Allt fæst með 60% afslætti.


# Slökkviliðið fær ekki meiri peninga

**ALMANNAVARNIR** „Slökkviliðsstjórinn fór vel yfir þetta með okkur á fundinum og sagði að hann hefði ekki gripið til þessara breytinga án þess að vera fullviss um að öryggi verði tryggt,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, sem er stjórnarformaður slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu.

Nýtt skipulag, sem felst í færri mönnum á vöktum í sumar, var kynnt stjórninni í fyrradag en Fréttablaðið hefur síðustu daga viðrað áhyggjur slökkviliðsmanna vegna manneklu og vanbúnaðs slökkviliðsins.

„Stjórnin tekur þessar áhyggjur mjög alvarlega og ákvað því að láta vinna áhættumat á þessu nýja skipulagi,“ segir Dagur, en ekki er á döfinni að auka fjármagn til slökkviliðsins og bendir Dagur á í því samhengi að ekki megi gleyma nýrri stöð sem opnuð var nýlega og að slökkviliðsmönnum hafi fjölgað um fjórtán í fyrra.



**Slökkviliðsmenn segja álagið vegna manneklu skapa hættu en stjórnarformaðurinn treystir að öryggi sé tryggt.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Stjórnin tekur þessar áhyggjur mjög alvarlega og ákvað því að láta vinna áhættumat á þessu nýja skipulagi.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Heimildarmaður Fréttablaðsins innan slökkviliðsins bendir aftur á móti á að nýju starfsmennirnir hafi rétt svo náð upp í starfsmannaveltu og á sama tíma hafi sjúkraflutningum fjölgað gífurlega. Þá skjóti skökku við að byggja nýja stöð fyrir um milljarð sem hýsi eingöngu tvo menn og það vanti allan búnað þar til að bregðast við eldsvoða. Segir heimildarmaðurinn þetta lýsa vel því óskipulagi sem ríki innan slökkviliðsins. – ebg



# Látum reynsluna ráða úrslitum

Forseti verður að hafa burði og þekkingu til að móta sér sjálfstæðar skoðanir í mikilvægum málum.

Þekking á stjórnskipan landsins, reynsla af alþjóðlegu umhverfi og leiðtogahæfileikar eiga að ráða úrslitum þegar við kjósum okkur forseta.

**Davíð**

*- kjósum reynslu á Bessastaði*






Fylgstu með á Facebook | www.xdavid.is



Í Reykjavík hafa fundist þrjár tegundir af tröllahvönnum.

## Borgin bregst við tröllahvönn

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg vill draga úr útbreiðslu tröllahvannar og er nú unnið að því að kortleggja útbreiðslu hennar.

Borgin fylgir ráðleggingum umhverfisráðneytisins og Náttúrufræðistofnunar við verkefnið. Af tröllahvönn er slysahætta því safinn í stönglum hennar og blöðum er eitraður. Borgin hyggst fjarlægja plöntur og verða skólalóðir, leiksvæði og vinsæl útivistarsvæði sett í forgang.

Þá er sagt áhyggjuefni að tröllahvönn hafi dreift sér hratt um borgarlandið. Hún sé þekkt erlendis fyrir að vera ágeng og bola öðrum gróðri burt. **– ngy**

## Forsetinn hlýtur heiðursverðlaun

**VERÐLAUN** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hlaut á mánudag heiðursverðlaun bandarísku orkustofnunarinnar American Renewable Energy Institute (AREI).

Forseti AREI sagði forsetanum veitt verðlaunin fyrir forystu hans í að kynna sjálfbæra orku víða um heim og hvetja til aukinnar nýtingar hennar í krafti þeirrar reynslu og tækni sem Íslendingar hafa aflað sér á þessu sviði. Jafnframt væru verðlaunin veitt fyrir framlag hans til baráttunnar gegn loftslagsbreytingum. **– þv**

## Nýr borgarstjóri í Róm



**Virginia Raggi, nýkjörinn borgarstjóri Rómar, brosir á svölum Campidoglio-hallar við innsetningarathöfn hennar í gær. Hún er fyrsta konan til að verða kjörinn borgarstjóri og yngst til að gegna embættinu. Hún er 37 ára gömul og kemur úr kerfisandstöðuflokknum M5S.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Norðfjarðarflugvöllur er að mati bæjarráðs Fjarðabyggðar mjög mikilvægur og átelur Isavia fyrir áhugaleysi um hann.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fjarðabyggð þreytt á seinagangi Isavia

**SAMGÖNGUMÁL** Bæjarráð Fjarðabyggðar hefur samþykkt að Fjarðabyggðarhöfn leggi til 25 milljónir króna til að leggja klæðningu á Norðfjarðarflugvöll sem rekinn er af Isavia. Hann sé illa farinn en á sama tíma mikilvægur fyrir sjúkraflug frá Austfjörðum.

Sævar Guðjónsson, formaður hafnarstjórnar, segir það skrýtið að þurfa að setja peninga bæjarins í þessa framkvæmd því Isavia rekur flugvöllinn en virðist ekki fara í nauðsynlegar framkvæmdir við hann. „Það er auðvitað kjánalegt að gera þetta svona og það á ekkert að vera þannig. Hins vegar er þessi flugvöllur þjóðhagslega mikilvægur, með stöndug sjávarútvegsfyrirtæki hér, álverið á Reyðarfirði og svo á stundum er allur íslenski fiskiskipaflotinn úti fyrir Austurlandi. Þá er mikilvægt að geta komið fólki fljótt og örugglega undir læknishendur í Reykjavík,“ segir Sævar.

> **Það er auðvitað kjánalegt að gera þetta svona og það á ekkert að vera þannig.**
>
> Sævar Guðjónsson, formaður hafnarstjórnar Fjarðabyggðar

Isavia rekur íslenska flugvelli samkvæmt samningi við innanríkisráðuneytið. Ekki hefur fengist nægjanlegt fé á fjárlögum til að leggja klæðningu á flugvöllinn. Vikulega er farið í sjúkraflug til Reykjavíkur frá Norðfjarðarflugvelli. **– sa**

# Efst í háhraðaneti og sjónvarpi yfir netið

**Hér á landi jókst gagnaflutningur yfir farsímanet um 66 prósent á milli áranna 2014 og 2015. Mest var aukningin í Lettlandi og nam hún 175 prósentum. Höfum vinninginn þegar kemur að fjölda háhraðainternettenginga á mann.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Á Íslandi eru sem fyrr flestar háhraðainternettengingar miðað við höfðatölu að því er fram kemur í nýrri skýrslu sem Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) og systurstofnanir hennar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum hafa tekið saman.

„Þetta er sjöunda árið í röð sem fjarskiptanotkun íbúa Norðurlandanna er borin saman og Eystrasaltslöndin hafa einnig verið með síðustu ár,“ segir í umfjöllun PFS. Fram kemur að á heildina litið sé fjarskiptanotkun mjög lík í löndunum átta og að íbúar þeirra nýti sér sambærilega tækni á svipaðan máta. „Þrátt fyrir það má þó víða sjá mun á notkun og þróun einstakra þátta.“

Fjöldi háhraðainternettenginga hér, þar sem miðað er við auglýstan niðurhalshraða sem svarar 30 megabitum á sekúndu eða meira, er sagður til kominn vegna fjölgunar VDSL og ljósleiðaratenginga hér á landi. Um leið er sagt áberandi að fjölgun áskrifta í farnetum hafi nánast staðið í stað í flestum samanburðarlöndunum.

Þó svo að einhverri mettun virðist náð í fjölda farsíma-, eða fartækjaáskrifta þá er í umfjöllun PFS bent á að skýrslan sýni mikla aukningu í gagnanotkun á farnetum í öllum löndunum. „Þar er Ísland í miðjum hópnum, en þessi þróun er alls staðar hröð og stöðug.“

Aukning gagnaflutninga yfir farnet sé langmest í Lettlandi, eða 175 prósenta aukning á árinu 2015. „Ein ástæða þessa er að eitt helsta fjarskiptafyrirtæki landsins býður áskriftir án takmarkana á gagnaflutninga auk þess að bjóða sjónvarpsstreymi um farsímanetið,“ segir í skýrslunni.

Í öðrum löndum nam aukning gagnaflutninganna milli 28 og 93 prósent. Hér á landi fór mánaðarlegur gagnaflutningur yfir farsímanetið að jafnaði, miðað við höfðatölu, úr 1,54 gígabætum í 2,56 gígabæt. **olikr@frettabladid.is**




**Á tæknisýningu Slush sem fram fór í Tókýó í Japan í síðasta mánuði.** MYND/SLUSH MEDIA

**30**

**megabit eða meiri hraði á sekúndu er það sem miðað er við þegar fjallað er um háraðainternettengingar. Ísland er efst á blaði þegar kemur að fjölda þeirra á mann á Norður- og í Eystrasaltslöndum.**

# ALLT Í FRÍIÐ

## ...OG FERÐALAGIÐ



Sparið 1000

LÉTT OG ÞÆGILEGT

**ÚTILEGUBORÐ**
Samanleggjanlegt borð úr áli og borðplötu úr MDF.
Stærð: B60 x L90 x H70 sm.
Vnr. 39859001

FULLT VERÐ: 5.995

**4.995**




Sparið 3000

4 MANNA

FULLT VERÐ: 12.990

**9.990**

Netgíró

OPEN AIR

**NORDMARKA TJALD**
Gott 4 manna tjald með álhúðuðu polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Þéttleiki: 1500 mm/cm$^2$.
Stærð: (100+210) x 240 x 130 sm.
Þyngd: 4,0 kg. Vnr. 4704200



Allir blómapottar og garðskraut 30%



Sparið 2000

SÆNG + KODDI

FULLT VERÐ: 7.995

**5.995**

**THERMO LUX SÆNG OG KODDI**
Góð sæng, fyllt með 2 x 550 gr. af sílikonmeðhöndluðum holtrefjum. Má þvo á 90°C. Sæng: 140 x 200 sm.
Koddi: 50 x 70 sm. Vnr. 4114100



Frábært VERÐ

SVAMPDÝNA

PRICE★STAR
Aðeins ódýrara í Rúmfatalagernum

**5.995**

**PRICE STAR SVAMPDÝNA**
Flott og handhæg dýna sem hægt er að leggja saman. Tekur lítið pláss! Stærð: 60 x 190 x 7 sm.
Vnr. 3334211

**BREKKUSTÓLL**
Nettur og góður brekkustóll með neti. Leggst alveg saman.
Vnr. 26028003



BREKKUSTÓLL

**1.995**

Sparið 5000

**HANSTHOLM SÓLBEKKUR**
Stílhreinn og flottur sólbekkur með stillanlegu baki. Efni: Ál og textilene. Hjól eru undir bekknum sem gerir alla umgengni þægilegri. Stærð: B70 L195 sm.
Vnr. 3747600



Netgíró

FULLT VERÐ: 24.990

**19.990**

Frábært VERÐ



ÚTILEGUSTÓLL

**1.595**

**HALDBAKKEN ÚTILEGUSTÓLL**
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman. Fæst í 3 litum.
Vnr. 3761300



Mikið úrval af svefnpokum

**SVEFNPOKAR**
Mikið úrval af góðum svefnpokum.
Vnr. 4703800, 4713000, 4704000

VERÐ FRÁ:

**2.495**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 24.06 - 26.06**




NÚ VERÐ FRÁ:

**199**

50% afsláttur

# Líkur á dræmri kjörsókn vegna EM

**Kjörsókn hefur hrapað á síðustu árum. Horfur eru taldar á að kjörsókn í forsetakosningum á morgun verði í sögulegu lágmarki. Evrópumótið í knattspyrnu karla og lítil spenna í könnunum letur kjósendur til að mæta á kjörstað að mati stjórnmálafræðiprófessors.**

**KOSNINGAR** Svo gæti farið að kjörsókn verði í sögulegu lágmarki á morgun þegar þjóðin kýs nýjan forseta.

Margvíslegir aðskildir en samverkandi þættir geta haft áhrif á kjörsóknina sem hefur farið dvínandi síðustu ár. Til dæmis segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, að Evrópumótið í knattspyrnu sem og lítil spenna í kosningunum geti haft áhrif á kjörsóknina.

Grétar Þór er einn þeirra sem rannsakað hafa kjörsókn Íslendinga. „Íslendingar hafa ætíð sýnt mikla og góða kosningaþátttöku og hefur hún verið með því hæsta sem við þekkjum í hinum vestræna heimi. Samt sem áður hafa vísbendingar verið um að kjörsókn sé á niðurleið og hafa síðustu kosningar sýnt minni kjörsókn en við höfum átt að venjast,“ segir Grétar Þór. „Í sveitarstjórnarkosningunum 2014 var til að mynda sögulega léleg þátttaka eða rétt rúm 66 prósent.“

Grétar telur þessa þróun ekki stöðvast í kosningunum á morgun heldur telur hann líklegt að við sjáum kjörsókn undir 65 prósentum. „Síðustu vikur hefur lítil umræða farið fram um forsetakosningarnar miðað við oft áður. EM í knattspyrnu hefur haft þar vinninginn. Einnig eru gríðarlega margir sem eru annaðhvort að hugsa sér að fara til Frakklands eða þá eru þar nú þegar og hafa ekki kosið,“ segir Grétar Þór. „Það er einnig lítil spenna í kosningunum og einn maður verið með gríðarmikið forskot allt frá því að hann lýsti yfir framboði.“

Að mati Grétars er líklegt að ungir kjósendur séu ólíklegri til að fara á kjörstað að þessu sinni og kjósa. Einnig virðist það vera þannig að konur eru líklegri til að nýta atkvæðisrétt sinn en karlar. „Þó það hafi lítil áhrif á heildarúrslitin gæti það orðið til þess að Davíð nái öðru sætinu í þessum kosningum þar sem eldra fólk er meira á hans bandi en þeir sem yngri eru sem styðja þá Andra Snæ og Höllu. Það gæti verið spenna um hvar þau endi,“ segir Grétar Þór.

sveinn@frettabladid.is



Utankjörfundaratkvæði eru meðal annars greidd í Perlunni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Kjörsókn síðustu tvo áratugina

| | | |
|---|---|---|
| Forsetak. | 1996 | 85,9% |
| Sveitarstjórnark. | 1998 | 82,3% |
| Alþingiskosningar | 1999 | 84,1% |
| Sveitarstjórnark. | 2002 | 83,2% |
| Alþingisk. | 2003 | 87,7% |
| Sveitarstjórnark. | 2006 | 78,7% |
| Alþingisk. | 2007 | 83,6% |
| Alþingisk. | 2009 | 85,1% |
| Sveitarstjórnark. | 2010 | 73,5% |
| Forsetak. | 2012 | 69,3% |
| Alþingisk. | 2013 | 81,5% |
| Sveitarstjórnark. | 2014 | 66,5% |

**Síðustu vikur hefur lítil umræða farið fram um forsetakosningarnar miðað við oft áður.**

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við HA




FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...



**Personal hotspot**

Með einföldum hætti getur þú stillt farsímann þannig að hann nýtist sem þráðlaust net (Wi-Fi) fyrir fartölvur eða iPad.

**4G hneta**

**13.990 kr.** stgr.

Hneta tengir allt að 10 tæki við netið í einu.




# NETIÐ HJÁ NOVA!

## HÁHRAÐANET FYRIR FERÐALAGIÐ OG BÚSTAÐINN




| | | |
|---|---|---|
| 50 GB 4.990 KR. | 100 GB 6.990 KR. | 250 GB 8.990 KR. |

**4G box**

**11.990 kr.** stgr.

Verð miðað við 6 mánaða þjónustusamning í áskrift í 50 GB eða stærri pakka.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

NOVA

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is





# Á eftir að gera upp Landsdómsmálið

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði skilið við stjórnmálin árið 2009 og sér ekki eftir því. Nú býr hún í Tyrklandi og sinnir starfi umdæmisstjóra UN Women þar sem hún vinnur að því að efla stöðu kvenna. Ingibjörg ræðir kvenréttindi, átök við Davíð Oddsson og Landsdómsmálið. Hún treystir ekki forystu Samfylkingarinnar.**

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem er sett á laggirnar á 21. öldinni. Það er okkar að takast á við það sem er ólokið verkefni 21. aldarinnar, að stuðla að jafnrétti kynjanna. Við sinnum því með ýmsum hætti. Allar stofnanir SÞ eiga að gera það og það er okkar að samræma það verkefni og sjá til þess. Stóru peningarnir fara í gegnum hinar stofnanirnar. Við erum lítil stofnun með litla peninga. Við verðum að vera svipan og líka gulrótin fyrir aðra til þess að vinna að þessu. Það sem við leggjum aðaláherslu á er að vinna með stjórnvöldum og í samstarfi við kvennahreyfinguna. Að auka hlut kvenna í stjórnmálum og ákvarðanatöku í samfélaginu. Auka hlut kvenna á vinnumarkaðnum, stuðla að efnahagslegu sjálfstæði kvenna og sporna gegn kynbundnu ofbeldi," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi ráðherra og formaður Samfylkingarinnar, um verkefni UN Women.

Ingibjörg starfaði fyrir UN Women í Afganistan áður en hún tók við stöðu umdæmisstjóra í Tyrklandi. Hún setti á laggirnar svæðisskrifstofu samtakanna í Istanbúl. Undir hana heyra 13 starfsstöðvar í jafn mörgum löndum sem hún hefur eftirlit með og mótar stefnu þeirra. Fjáröflun er stór hluti starfsins.

„Það er auðvitað þrautin þyngri vegna þess að það hefur dregið talsvert úr fjárframlögum alþjóðasambandsins til þróunarmála. Meðal annars vegna þess að flóttamannavandinn er farinn að leggjast þyngra á mörg ríki Norður-Evrópu og þau eru farin að nota meira af framlögum sínum til þróunaraðstoðar í verkefni heima fyrir."

**Ísland gefur ekki nóg**

Alþjóðlegt viðmið er að þjóðir gefi 0,7 prósent af landsframleiðslu til þróunarmála. Það hafa hins vegar ekki öll lönd staðið við. „Við Íslendingar höfum ekki náð þessu. Danir voru komnir upp í eitt prósent og Svíarnir held ég líka en það hefur dregið úr þessu vegna þess að þeir eru að nota hluta þessara fjármuna í móttöku flóttamanna í sínu landi sem orkar tvímælis. Þeir geta gert það samkvæmt reglunum í tvö ár – en ekki lengur. Þetta hefur hitt okkur illa fyrir. Það hefur verið barningur að tryggja fjármuni í verkefni og það fer talsvert mikið af mínum tíma í það. Það er m.a. þess vegna sem við höfum leitað til landsnefndanna í Evrópu, eins og þeirrar íslensku, sem núna er að keyra í gang annað átaksverkefni til að safna peningum fyrir okkur."

**Fjölskyldur á flótta**

Íslenska landsnefndin stendur fyrir verkefninu Fer fjölskyldan á flótta í sumar? Hægt er að leggja átakinu lið með að senda textaskilaboðin „konur" í númerið 1900.

„Við erum að safna í þetta starf okkar með flóttakonum, í Tyrklandi og á Balkanskaganum. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur vegna þess að eins og stendur höfum við ekki önnur fjárframlög en frá þessum landsnefndum til þessa tiltekna verkefnis."

Í Tyrklandi eru 2,7 milljónir flóttamanna. Rúmlega helmingur eru konur og stúlkubörn. Flóttamennirnir reyna koma sér frá Tyrklandi, yfir Eyjahafið og til Evrópu. Á undanförnum misserum hefur konum og börnum fjölgað í hópi flóttafólks. UN Women vinnur að því að beina neyðaraðstoðinni að konum.

„Við getum lagt heilmikið af mörkum, sérstaklega í því að vekja athygli á því að aðstæður flóttakvenna og þarfir þeirra eru aðrar en karlmanna sem eru á flótta. Það verður að taka á þeirra málum með öðrum hætti en málefnum karla á flótta."

> Ég hef sagt það lengi að þegar kemur að jafnréttismálum og valdeflingu kvenna þá er Ísland ekki smáríki. Við eigum að gera út á það. Við eigum heilmikla sögu sem er geysilega gaman að hafa í farteskinu þegar maður er að vinna alþjóðlega að jafnréttismálum.

Hún segir það vera algengt að flóttakonur verði fyrir ofbeldi. „Þessu verða þeir sem eru að taka á móti þeim að gera sér grein fyrir, reyna að greina og veita þeim þá aðstoð sem þær þurfa á að halda. Bæði sálfræðilega og lagalega. Annað sem ég get nefnt. Tólf prósent þessara kvenna sem eru á flótta eru barnshafandi og þær eru að fæða börn við aðstæður sem eru hræðilegar."

Ingibjörg segir íslensku landsnefndina hafa náð eftirtektarverðum árangri á heimsvísu.

Hún segir þetta skýra það sem hún hefur haldið fram lengi.

„Mér finnst þetta mjög ánægjulegt og merkilegt. Ég hef sagt það lengi að þegar kemur að jafnréttismálum og valdeflingu kvenna þá er Ísland ekki smáríki. Við eigum að gera út á það. Við eigum heilmikla sögu sem er geysilega gaman að hafa í farteskinu þegar maður er að vinna alþjóðlega að jafnréttismálum."

**Fjórir áratugir um kvenréttindi**

Ingibjörg er sjálf ein þeirra sem hafa skrifað kvenréttindasöguna hér á landi. „Ég er búin að vera að vasast í þessu með einhverjum hætti í nærri 40 ár. Um tvítugt byrjaði ég að taka þátt í þessari baráttu í kringum kvennafrídaginn. Það kveikti í mér eins og svo mörgum öðrum. Síðan kemur kjör Vigdísar Finnbogadóttur, svo var ég í Rauðsokkahreyfingunni á þessum tíma og þátttakandi í því að stofna Kvennaframboðið. Svo í gegnum borgina, það varð gríðarlega mikil stefnubreyting í borginni 1994 sem leiddi til þess að það varð bylting hér í leikskólamálum. Bylting í að auka hlut kvenna í ➡


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW 5 Series
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure
M XJ 9760
ENNEMM / SÍA / NM75310
GLÆSILEG AFMÆLISÚTGÁFA.
BMW 525d xDRIVE. VERÐ: 9.590.000 KR.
Í tilefni af 100 ára afmæli BMW bjóðum við fjórhjóladrifnn BMW 525d hlaðinn aukabúnaði á sérstöku afmælisverði. Aukabúnaður í afmælisútgáfunni er m.a. rafdrifin hjálparlokun á hurðum, sóllúga, lykillaust aðgengi, 360° myndavélabúnaður, fótstýrð rafdrifin opnun á farangursloki og leðurinnrétting.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
OPIÐ Í DAG KL. 12–16
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

stjórnunarstöðum og verulegar framfarir í launamálum kvenna hjá borginni. Svo í utanríkisráðuneytinu. Þar held ég að hafi skipt verulegu máli að leggja grunninn að því að jafnréttismálin ættu að vera á meðal þeirra mála sem við ættum að leggja megináherslu á í okkar utanríkisstefnu. Fiskurinn, jarðhitinn og jafnréttið. Þar eigum við að vera. Þar erum við stór og höfum miklu að miðla.“


Ingibjörg Sólrún er ekki sannfærð um að embætti forseta Íslands eigi rétt á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Tvær erfiðar aðgerðir**

Ingibjörg Sólrún hvarf eftirminnilega úr heimi stjórnmálanna árið 2009 eftir að hún veiktist haustið 2008. „Þetta var afskaplega dramatískt. Það gerðist eiginlega á nákvæmlega sama tíma og íslenska fjármálakerfið hrundi, þá hrundi ég í orðsins fyllstu merkingu. Ég greindist með heilaæxli og fór í kjölfarið í tvær erfiðar skurðaðgerðir. Sú síðari reyndi sérstaklega mikið á mig. Það var þá sem ég ákvað að hætta. Við aðrar aðstæður hefði ég hugsanlega haldið áfram en þarna var ekkert um það að ræða. Ég dró mig þess vegna út úr pólitíkinni til þess að hlúa að sjálfri mér og sé ekki eftir því. Árið 2009 gerði ég ekkert annað en að sinna sjálfri mér og náði mér ágætlega.“

Hún segir það ekki hafa verið erfitt að segja skilið við heim stjórnmálanna. „Í rauninni fannst mér það ekki erfitt, mér hefur aldrei fundist erfitt að segja skilið við eitthvað sem ég hef verið að gera og snúa mér að öðru. Lífið heldur áfram. Fyrst vissi ég ekkert hvað ég ætlaði að fara að gera og var eiginlega atvinnulaus þar til ég fór að vinna fyrir UN Women í lok árs 2011. Það sem var erfitt var kannski að þurfa að hugsa líf mitt svolítið upp á nýtt.“

Hún hefur ekki hugsað sér að snúa aftur í stjórnmálin. „Nei, þau hafa ekki freistað mín,“ segir hún.

**Dapurt að horfa á flokkinn**

Staða hennar gamla flokks, Samfylkingarinnar, hefur ekki verið upp á marga fiska. Fylgið mælist í sögulegu lágmarki og innanflokksdeilur eru áberandi.

*Hvernig er að horfa á flokkinn í dag?* „Mér finnst mjög dapurt hvernig hann er rúinn fylgi. Hann á svo miklu meira inni, ég er sannfærð um að miklu stærri hluti þjóðarinnar telur sig vera jafnaðarfólk þannig að jafnaðarstefnan ætti að höfða til stærri hóps. Ég held að jafnaðarflokkur á Íslandi ætti að gera verið í kringum þrjátíu prósent. Þess vegna er þetta dapurlegt.“

*Af hverju er þetta svona?* „Það eru margar og flóknar skýringar. Ég ætla ekki að fara út í að greina það hér á örskotsstundu. Ég held að það megi mikið læra af íslenska karlalandsliðinu í fótbolta. Ef maður horfir á hvað þeir eru að standa sig vel þá er það vegna þess að þeir eru fyrst og síðast öflug liðsheild. Menn átta sig á að það er ekki nóg að vera með góða einstaklinga úti á vellinum, þó að það skipti auðvitað máli, því ef þeir ná ekki að spila saman og vera liðsheild þá ná þeir engum árangri. Þá nennir enginn að styðja þá. Þetta vantar í Samfylkinguna.“

**Treystir ekki Oddnýju**

Oddný Harðardóttir var á dögunum kjörin formaður Samfylkingarinnar. Oddný sat í þingmannanefnd sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Nefndin lagði fram þingsályktunartillögu þess efnis að höfða skyldi mál á hendur Geir H. Haarde, Árna Mathiesen, Björgvin G. Sigurðssyni og Ingibjörgu Sólrúnu. Eftir meðferð þingsins var Geir sá eini sem var ákærður en fjórir þingmenn Samfylkingarinnar kusu með því að Ingibjörg yrði ákærð. Oddný þeirra á meðal.

*Hvernig horfir þetta mál við þér núna, fimm árum síðar?* „Þetta var gríðarlega erfitt, með því erfiðara sem ég hef gengið í gegnum. Þetta voru samherjar mínir sem vildu ákæra mig og það var mér tilfinningalega mjög erfitt. En þetta er bara eins og annað sem maður lendir í, „life is a bitch,“ eins og maður segir,“ segir hún og brosir. „Það þýðir ekkert að velta sér endalaust upp úr því. Ég dreg minn lærdóm af þessu og þetta hefur kennt mér mjög mikið. Það er alltaf þannig með allar kreppur. Þetta er ekki spurning í hverju maður lendir heldur hvernig maður vinnur úr því. Ég hef verið að takast á við þetta, en mér fannst þetta sárt.“

> **Það gerðist eiginlega á nákvæmlega sama tíma og íslenska fjármálakerfið hrundi, þá hrundi ég í orðsins fyllstu merkingu.**

> **Þetta voru samherjar mínir sem vildu ákæra mig og það var mér tilfinningalega mjög erfitt. En þetta er bara eins og annað sem maður lendir í, „life is a bitch.“**

*Berðu engan kala til þessa fólks?* „Hvað á ég að segja? Ég treysti ekki því fólki sem fór fyrir í þessu máli í Samfylkingunni, og ég treysti ekki því fólki sem greiddi ákærunni atkvæði sitt, mér fannst það bregðast. Ég hef aldrei haldið því fram að ég hafi ekki borið pólitíska ábyrgð í þeirri ríkisstjórn sem ég sat. En að ætla að ákæra okkur, og sérstaklega þegar haft er í huga að niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis var sú að ég hefði ekki brugðist skyldum mínum sem utanríkisráðherra að ætla samt að sækja mig að lögum fyrir Landsdómi, það fannst mér vont. Einhvern tíma fer ég í gegnum þessa sögu alla, til að skýra hana betur fyrir sjálfri mér og öðrum. Ég þarf að gefa mér tíma til að greina þetta betur og skýra betur málin frá minni hlið. Ég hef aldrei gert það og ein af ástæðunum fyrir því eru kannski þessi veikindi mín. Þau urðu þess valdandi að ég gat það bara ekki, hafði ekki þá burði sem ég þurfti. Svo ákvað ég bara að halda áfram með lífið og skulda kannski mér sjálfri og öðrum að greina og skýra þetta betur en ég gat það bara ekki á þessum tíma.“

*Ertu samfylkingarkona?* „Já, ég er skráð í Samfylkinguna og á góða vini þar. Þar er mjög margt fólk sem mér þykir afskaplega vænt um þannig að formlega séð er ég þar.“

*Treystir þú forystunni?* „Það segir sig sjálft, ég get ekki stutt Oddnýju. Hún er sjálfsagt vænsta kona en ég get ekki stutt hana því mér fannst hún bregðast. Mér fannst hún sýna dómgreindarbrest í Landsdómsmálinu sem nefndarmaður. Ég veit ekki hvernig það gerðist að hún gerði þetta, hvernig hún komst að þessari niðurstöðu, ég hef aldrei getað skilið það.“

**Embætti forseta of stórt**

Forsetakosningar fara fram á morgun. „Það þarf einhver góður að gefa kost á sér á Bessastaði og maður er í þeirri lúxusstöðu núna að geta valið milli þriggja frambærilegra frambjóðenda,“ segir hún.

*Ertu þá að taka Davíð út úr menginu?* „Ég held það komi engum á óvart að ég taki Davíð út úr menginu miðað við forsöguna. En það yrði sómi að þeim öllum þremur á Bessastöðum,“ segir hún og vísar í þrjá efstu frambjóðendurna.

„Ég held þau myndu öll rækja þetta hlutverk vel, hvert með sínum hætti. Það sem mér finnst vandinn er sá að starfslýsingin liggur ekki fyrir. Ég fór í svo mikið ráðningarferli fyrsta árið hjá UN Women í Istanbúl. Þegar maður ræður fólk til starfa og skoðar starfsferilskrána þá skiptir máli að vita hvernig starf maður er að ráða í. Það finnst mér vanta varðandi forseta Íslands. Starfslýsinguna vantar og allt veltur á því hvernig mismunandi einstaklingar hugsa sér að sinna þessu embætti. Það er vandinn. Það hefði verið gott að klára ákveðnar stjórnarskrárbreytingar sem hefðu skýrt hlutverk embættisins fyrst við erum með það á annað borð. Hins vegar er ég ekki sannfærð um að við eigum að vera með forsetaembætti. Þetta embætti verður einhvern veginn of stórt fyrir svona litla þjóð. Við erum að leita að einhverjum sem getur verið sameiningartákn allra og það er ekki auðvelt að finna slíkan einstakling og að auki verður hann of fyrirferðarmikill. Ég er ekki viss um að þetta sé rétt leið. Ef við horfum í kringum okkur, á lönd þar sem forseti fer ekki með framkvæmdarvald, þá er ekki lögð þessi mikla áhersla á þann einstakling sem gegnir embættinu. Það er miklu meiri rótering í því heldur en hefur verið hjá okkur. Mér finnst alveg spurning hvort forseti Alþingis gæti ekki gegnt þessu hlutverki, að vera fulltrúi þjóðarinnar út á við þegar á því þarf að halda.“

**Hörð barátta við Davíð**

Nú er einn forsetaframbjóðenda Davíð Oddsson, og hann var gjarn á að stilla þér upp sem pólitískum andstæðingi. *Af hverju var hann svona upptekinn af þér?*

„Ég held það hafi byrjað í borginni. Ég kom inn sem nýr borgarfulltrúi 1982 fyrir kvennaframboð og það var þá sem hann varð borgarstjóri. Við vorum samferða inn í þetta tímabil. Ég kem inn og vildi gera mig og kvennaframboðið gildandi og allt sem við stóðum fyrir. Við tókumst harkalega á. Sjónarmið okkar voru ólík til margra mála. Þetta byrjar kannski þá. Síðan er það nú svo skrítið að þegar ég fer inn á þing 1991, það er einmitt þá sem hann verður forsætisráðherra, svo það fylgdist að, þar voru líka heilmikil átök. Ég held þó að það hafi skipt einna mestu máli að þegar ég varð borgarstjóri árið 1994, þó hann væri ekki þar þá, leit hann svo á að hann og Sjálfstæðisflokkurinn ættu borgina og við hefðum eiginlega stolið borginni frá þeim. Þeir töldu sig hafa löggilt eignarhald sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði haft meira og minna í 60 ár. Þetta var eitthvað sem hann og svo sem ýmsir aðrir sjálfstæðismenn áttu erfitt með að sætta sig við og jafnvel, innan gæsalappa, fyrirgefa. Þó þetta væri auðvitað vilji borgarbúa.“

„Svo ákveð ég að fara úr borginni og leggja Samfylkingu lið í þingkosningum 2003. Leggja mín lóð á vogarskálar Samfylkingarinnar sem var ekki að mælast nógu vel í könnunum. Þau lóð voru ansi þung á þeim tíma. Ég hafði verið borgarstjóri í níu ár og við fórum fram sem tvíeyki, Össur sem formaður og ég sem forsætisráðherraefni. Þetta var mjög hörð pólitísk barátta og það er þá sem Davíð, Styrmir Gunnarsson og fleiri forystumenn úr Sjálfstæðisflokknum ákveða, sem ég áttaði mig ekki á fyrr en seinna, að útmála mig sem Baugsmanneskju,“ segir hún og vitnar til frægrar Borgarnesræðu.

„Það er ákveðið að taka orð úr þeirri ræðu og keyra á mig eins og einhverja sérstaka talskonu Baugs. Ég man að þetta kom mér gjörsamlega í opna skjöldu, því ég hafði hreinlega ekki ímyndunaraflið til þess að lesa það inn í þessa ræðu mína. Ekkert frekar en Guðni Th. hafði ímyndunarafl til að lesa það inn í fyrirlesturinn sem hann flutti um landhelgismál að hann hefði verið að niðurlægja þjóðina. Þar var alveg sami spuni á ferðinni. Það var blásið til þessarar orrustu til þess að reyna að ná Samfylkingunni niður í fylgi, því hún fór mjög hátt fyrir kosningarnar 2003 í könnunum. Þá er ákveðið að fara í þessa vegferð gegn mér og Samfylkingunni. Engu að síður náðum við yfir þrjátíu prósenta fylgi í kosningunum 2003 og náðum að koma Davíð úr því að vera fyrsti þingmaður Reykvíkinga í að vera annar þingmaður. Þetta er það sem í stuttu máli skýrir þetta að einhverju leyti.“

**Sótt úr undarlegum áttum**

*Er ekki ákveðin viðurkenning í því að Davíð hafi á manni mikinn áhuga, sérstaklega á þessum árum?*

„Jú, jú,“ svarar hún hlæjandi. „Það var allt í lagi en það var ekki alltaf auðvelt því þeir sóttu að manni úr svo undarlegum áttum. Sérstaklega með þessi Baugsmál. Það varð allt í einu haft fyrir satt að í Borgarnesræðunni hefði ég gengið fram fyrir skjöldu fyrir hönd Baugs. Allir sem lesa Borgarnesræðuna, sem fólk gerði nú ekkert, sjá hvílík firra þetta er. En þeir tóku þessa ákvörðun því hjá þeim helgar tilgangurinn meðalið.“

Ingibjörg er með ráðningarsamning hjá UN Women til áramóta. Hún segir óljóst hvað taki við eftir það. „Það er sérkennilegt að segja það en ég verð 62 ára þann 31. desember og það er sá aldur hjá SÞ sem fólk á að láta af störfum. Þetta er auðvitað enginn aldur og algjörlega fráleitt!“ segir hún og hlær.

*Langar þig að fara að slaka á?* „Nei, ég á mikið eftir af starfsorku og vonandi talsvert eftir af góðum hugmyndum. Ég finn mér eitthvað til dundurs. Engin hætta á öðru.“

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu inni á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.




***Fjórhjóladrifinn** dísiljeppi með*
***SYNC II** samskiptakerfi, **8" snertiskjá***
*og **íslensku leiðsögukerfi***




# NÝR FORD KUGA AWD

› Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjórhjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lægsta punkt.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD**
**- komdu og prófaðu**

## FORD **KUGA AWD**

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.690.000** KR.

ford.is

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er fáanlegur í þremur útfærslum: Trend Edition, Titanium og Titanium S. ◆ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 135/140 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



# FRÁBÆRT Í EM VEISLUNA
# KJÚKLINGAVÆNGIR
## V-laga, tilbúnir á grillið eða í ofninn

VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

Holta kjúklingur

**Fulleldaðir, þarf aðeins að hita, 4 tegundir af sósum**

Sweet Baby Ray's
- ·Sweet Baby Ray´s BBQ
- HOT ·Sweet Baby Ray´s Buffaló

Kaldi
- ·Kaldi BBQ
- ·Kaldi rótarbjórs BBQ

Gildir til 26. júní á meðan birgðir endast.




**Nýir Fanta drykkir**
Fanta apple og Fanta sour cherry.




**Kettle snakk**
Stökkari flögur án allra aukefna.

Lífrænt



**Fumagalli**
Lífræn ítölsk hráskina og salami.




**Sweet Baby Ray´s**
BBQ sósur, tilvaldar með grísarifjunum.




**Góu súkkulaðirúsínur**
Ómissandi um helgina.




**OLW Waffle Cut snakk**
Vöffluskurðurinn gerir snakkið extra stökkt.




Jack Daniel's Old No 7 Brand

## JACK DANIEL´S BBQ SÓSUR

Þekktar fyrir gæði og karakter. Góðar með svínarifjum, hamborgurum, grilluðum kjúkling og sem ídýfa með grænmetinu.

**24 Hagkaup**
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg



Holta KJÚKLINGUR

100% HREIN AFURÐ

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

## KJÚKLINGA-BRINGUR

2.024 kr/kg

verð áður 2.699



Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

## KJÚKLINGA-LEGGIR

699 kr/kg

verð áður 999



SS

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

## KRYDDLEGNAR GRÍSAKÓTILETTUR

1.874 kr/kg

verð áður 2.499



KJARNAFÆÐI

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

## HEIÐALAMB

1.518 kr/kg

verð áður 1.898

ÍSFUGL



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

## KALKÚNALUNDIR

2.449 kr/kg

verð áður 3.499

ÍSFUGL



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

## KJÚKLINGUR FERSKUR

769 kr/kg

verð áður 1.099



VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

Kaldi · ÁRSKÓGSSANDUR ·

NÝTT Í HAGKAUP

# KALDI BJÓRPYLSUR

Reyktar og óreyktar

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Á Íslandi er ekki jafnrétti í raun



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem er sett á laggirnar á 21. öldinni. Það segir sína sögu. Það er okkar að takast á við það sem er ólokið verkefni 21. aldarinnar, að stuðla að jafnrétti kynjanna," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra og nú umdæmisstjóri UN Women í Evrópu og Mið-Asíu, í föstudagsviðtali Fréttablaðsins í dag.

Í viðtalinu kemur Ingibjörg meðal annars inn á stöðu jafnréttismála á Íslandi. Hún segir réttilega að okkur hafi þar vegnað vel og séð árangur. En rétt eins og við sáum í vikunni, þegar kjarakönnun Bandalags íslenskra háskólamanna var birt, þá lætur árangurinn stundum á sér standa og málin geta ávallt þróast í öfuga átt ef ekki er fylgst nægilega vel með.

Samkvæmt könnun BHM var kynbundinn launamunur meðal félagsmanna bandalagsins 11,7 prósent í fyrra. Árið áður var munurinn 9,4 prósent. Okkur fer því aftur þegar kemur að jafnlaunastefnu hjá ríkinu og sveitarfélögum, öðrum en Reykjavíkurborg, á sama tíma og launamunurinn minnkar hjá einkafyrirtækjum og borginni. Kynbundinn launamunur sveitarfélaganna fer úr 18 prósentum í 29 prósent milli ára og óhætt að segja að munurinn hafi rokið upp milli ára.

Ingibjörg Sólrún segir tilhneigingu til að halda að málin séu komin í gott horf og ekki þurfi að hafa meira fyrir þeim. „Það þarf alltaf að vera á vaktinni. Það má aldrei láta deigan síga og verða andvaralaus. Það er kannski ákveðið andvaraleysi sem hefur verið hér í gangi," segir Ingibjörg.

Síðastliðna helgi fögnuðum við því að 101 ár er liðið frá því að konum var veittur kosningaréttur og kjörgengi. Margt hefur áunnist í jafnréttisbaráttunni síðan. Og í 55 ár hefur verið kveðið á um það í lögum að konum og körlum skuli greidd sömu laun fyrir sambærilega vinnu. Fyrrgreind könnun sýnir hins vegar að raunveruleg staða er allt önnur. Enn er launamunur milli karla og kvenna sem ekki er hægt að skýra með öðru en kynferði.

Ríki og sveitarfélög búa yfir flestum stærstu vinnustöðum landsins. Formaður BHM, Þórunn Sveinbjarnardóttir, segir umfang vandans það mikið að um sé að ræða mannréttindabrot. Vandinn sé ekki aðeins kvenna heldur samfélagsins.

Launajafnrétti er mælikvarði á jafnrétti kynjanna. Á meðan konur fá greidd lægri laun en karlar, eingöngu vegna kynferðis, er ekki hægt að segja að jafnrétti ríki í raun á Íslandi. Sama hver árangurinn hefur verið annars staðar.

**Enn er launamunur milli karla og kvenna sem ekki er hægt að skýra með öðru en kynferði.**




## Halldór



## Frá degi til dags

**Gæta skal að öllu námi**

Upp er komin kynslóð íslenskra knattspyrnumanna sem getur lagt stórþjóðir að velli. „Knattspyrnuhallakynslóðin" hefur hún verið kölluð. Allt í einu varð til blanda af góðum aðstæðum, færum kennurum og metnaði forystunnar til þess að búa til góða íþróttamenn. Menn lögðust á eitt við að skapa þessa umgjörð. Með þessari umgjörð getum við sigrað alla á góðum degi. En þá er kominn tími til að fleiri þættir í menntakerfinu fái sömu fyrirgreiðslu stjórnvalda. Við þurfum að gera þetta fyrir öll börnin okkar svo þau geti skarað fram úr, líka í námi.

**Boxið á Bessastöðum**

Í tuttugu ár hefur setið maður á Bessastöðum og smíðað box utan um forsetaembættið. Hann hefur mótað hugmyndir þjóðarinnar um það hvernig forseta ber að vera. Allt bendir til þess að á morgun kjósi þjóðin forseta sem passar inn í þetta box – orðvaran mann sem er frekar íhaldssamur á breytingar. Forseta sem vill stíga mjög varlega til jarðar. Eins og Jón Gnarr hristi upp í stjórnmálunum má ætla að þjóðin hefði gott af forseta sem gæti hnikað til sýn okkar á embættið. Einhvern sem stækkar boxið fyrir framtíðarforseta lýðveldisins. Forseta sem mismælir sig, fær hlátursköst og fer út fyrir boxið.

sveinn@frettabladid.is
snaeros@frettabladid.is

# Afsakið, en hvað kostar þetta í kvenna-krónum?



Elín Hirst
alþingismaður

Launamunur kynjanna er til vansa í okkar samfélagi og hægt virðist miða í jafnréttisátt hvað þetta varðar. Enn ein staðfestingin er ný kjarakönnun BHM um kynbundinn launamun þar sem í ljós kom að laun kvenna þurftu að jafnaði að vera 11,7 prósent hærri á síðasta ári til að vera jöfn launum karla.

Ef við notum tölurnar úr könnun BHM þá er fróðlegt að setja dæmið upp með öðrum hætti; tala einfaldlega um karla-krónur og kvenna-krónur. Því fyrir hverja eina krónu sem karlar fengu greidda fengu konurnar tæplega 90 aura fyrir sömu vinnu.

Þetta þýðir á mannamáli að þegar konur fara út í búð að versla fyrir launin sín þurfa þær í raun að greiða hærra verð en karlarnir fyrir hverja einustu vöru. Það sama á auðvitað við um öll önnur útgjöld konunnar.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir að hún ætli að endurmeta þær aðferðir sem notaðar hafa verið í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna með það að markmiði að bæta árangur á sviði jafnréttismála og vinna gegn launamun kynjanna. Nýjustu tölur sýna því miður að alltof hægt miðar á þessu sviði. Ef til vill þurfum við að stíga djarfari skref, sem virkilega hrista upp í stöðnuðu kerfi og vekja fólk til umhugsunar. Mikilvægt í þessu sambandi er að minna stöðugt á þann óréttláta launamun kynjanna sem lifir svo góðu lífi í okkar samfélagi. Einnig hlýtur það að vera sjálfsögð krafa að allt sé opið og gagnsætt hvað launamun kynjanna varðar. Ein hugmynd væri sú að verslanir færu að verðmerkja vörur bæði í karla- og kvennakrónum til þess að glöggt megi sjá hvað varan kostar miðað við kaupmátt eftir því hvort kynið á í hlut. Þannig mætti hugsa sér að matvöruverslun verðmerkti 1 lítra af mjólk með tvennum hætti á 142 krónur eða 158 kvennakrónur. Bílaumboð auglýstu: Fjögurra dyra fólksbíll, árgerð 2016 verð 5,2 milljónir eða 5,8 milljón kvennakrónur. Fasteignaauglýsingin hljóðaði: 3 herbergja íbúð í vesturborginni, verð 37 milljónir króna eða 41 milljón kvennakrónur.

*Allar þessar tölur miðast við nýja kjarakönnun BHM á launamun kynjanna.

**Þetta þýðir á mannamáli að þegar konur fara út í búð að versla fyrir launin sín þurfa þær í raun að greiða hærra verð en karlarnir fyrir hverja einustu vöru.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fyrr en misst hefur

Í DAG



Bergur Ebbi

Aldrei hafði Evrópa neina sérstaka merkingu fyrir mér. Nema kannski einu sinni á ári þegar ég fékk paprikusnakk með Vogaídýfu og horfði á Eurovision með fjölskyldunni. Allt frá upphafsstefinu (sem er 300 ára gamalt margradda franskt barokkverk sem nefnist „Þér Guð“ https://www.youtube.com/watch?v=TyuukxNuusc]) og til stigagjafarinnar, er útsendingin ein löng þeytivinda af niðurrigndum þjóðrembingsáhrifum og poppi sömdu út frá lægsta samnefnara. Þetta er þó löngu orðið að sérstöku menningarafbrigði. Þarna er að finna einhvern kontrapunkt (ekki í tónfræðilegum skilningi eins og í barokkinu) heldur fremur þannig að í allri hringavitleysunni virðist þrátt fyrir allt vera unnið út frá sama grunnpunktinum sem leyfir öllum þessum ólíku laglínum og hugmyndum að kássast ofan í hver aðra.

Og kannski er Eurovision mikilvægt. Ekki síst fyrir smáþjóðir sem vilja taka þátt í einhverju stærra. Kvöldvaka fyrir álfuna eftir viðburðaríkan dag. Og þvílíkt sem þessi dagur hefur verið viðburðaríkur. Hluti þeirra sem nú lifir man eftir kreppunni miklu, uppgangi fasisma og kommúnisma og styrjöld þessara öfgaafla þar sem allur heimurinn var lagður að veði, kalda stríðinu sem kom á eftir, múrum sem klístraðir voru niður af steingráum hermönnum og skildu ástvini í sundur og við þurfum ekki að vera gömul til að fá upp í hugann gráar fréttamyndir með fljótandi VHS-taumum frá fjöldamorðunum í Srebrenica þar sem böðlar í Adidas-íþróttagöllum hlóðu líkum í stafla. Viðburðaríkur dagur í Evrópu. Er það eitthvað skrítið þó álfan þurfi að dæsa og borða paprikusnakk og horfa á úkraínska idol-stjörnu syngja um ást sína á brúnum bangsa í tilgerðarlegri sviðsmynd með gervi-snjóflyksum og hópi af ljósabekkjabrúnum karlmönnum með kínversk tattú á herðablöðum, stígandi túristaútgáfu af kósakka-dansi?

**Veisla síðustu 20 ára**

Ísland hóf ekki þátttöku í Evrópusamvinnunni að fullu fyrr en með fullgildingu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið 1994. Það var ein mikilvægasta ákvörðun sem tekin hefur verið í íslenskum utanríkismálum og þjóðin var ekki spurð álits. Líklega væri sú staðreynd oftar í deiglunni nema fyrir þá ástæðu að samstarfið hefur reynst íslenskri þjóð farsælt. Erfitt er að hugsa þá hugsun til enda hvernig efnahagslífinu væri háttað ef ekki ríkti viðskiptafrelsi milli Íslands og Evrópu – eða ef íslenskir borgarar þyrftu að sækja um atvinnu-, náms- eða dvalarleyfi til þess eins að fá að vera í Evrópu. Við tökum, mörg hver, þessum réttindum sem sjálfsögðum hlut.

Þetta tímabil sem hér er nefnt, frá miðjum 10. áratugnum til dagsins í dag, hefur einnig að mestu verið friðartími í Evrópu. Myntsamstarfið varð að veruleika, ferðalög jukust, menningarsamstarf efldist, skiptinám, gestakennsla og hvers konar miðlun þekkingar milli Evrópuríkja jókst. Ávöxt þessarar auknu samvinnu má sjá víða. Sem dæmi má nefna að evrópsk knattspyrna hefur blómstrað. Varla saknar nokkur maður þess þegar fótboltamenn gátu vart spilað utan heimalands síns sökum kvóta sem deildir heimalanda settu og hindruðu aðgengi erlendra leikmanna. Meira að segja Meistaradeild Evrópu hafði stífar reglur um að ensk lið þyrftu að innihalda enska leikmenn, ítölsk lið ítalska leikmenn og svo framvegis. Fyrirkomulagið hélst til 1995 þegar það var dæmt ólöglegt á grundvelli reglunnar um frjálsa för vinnuafls. Að fara aftur í gamla kerfið væri óhugsandi í dag.

> **Ég vil bara að við höfum hugfast að samfélag okkar er stærra en þeir hagsmunir sem stjórnmálamenn tala um frá degi til dags. Við erum hluti af einhverju stærra sem við höfum sannarlega notið góðs af.**

**Upphafið að endalokunum?**

Sagan er full af hugmyndum um gullöld Evrópu. Endurreisnin, upplýsingaöldin eða fallega tímabilið, La Belle Epoque, sem lauk við upphaf fyrri heimstyrjaldar þegar Bandaríkin tóku við sem ráðandi afl í heiminum. En kannski ættum við að líta til annarra atriða en hernaðarlegra yfirráða. Kannski hefur einmitt aldrei verið betra að lifa í Evrópu en á síðustu 20 árum. Í löndum þar sem framúrskarandi heilbrigðisþjónusta og menntun í þúsund ára gömlum háskólum er að mestu ókeypis, þar sem fjölbreytileiki er vegsamaður, þar sem persónulegt frelsi er virt og friður hefur ríkt. Kannski verður þessa tímabils minnst, öðrum fremur, sem hins eiginlega blómaskeiðs Evrópu.

Nú hafa Bretar gengið að kjörborðinu til að velja hvort þeir muni ganga úr Evrópusambandinu eða ekki. Það gæti markað þáttaskil fyrir allt Evrópusamstarfið ef svo stór þjóð sýndi fram á svo afgerandi vantraust. Þegar þessi orð eru rituð eru úrslitin höfundi ekki kunn, en það vekur vissulega ugg að upphafið að endalokunum sé ef til vill svona hryllilega nálægt. Ég vil bara að við höfum hugfast að samfélag okkar er stærra en þeir hagsmunir sem stjórnmálamenn tala um frá degi til dags. Við erum hluti af einhverju stærra sem við höfum sannarlega notið góðs af. Framtíð samstarfs, sem einmitt hefur reynst smáþjóðum og minni menningarsvæðum betur en nokkur herraþjóð álfunnar, skiptir okkur meira máli en flest annað. Það má vera að Evrópusamstarfið hafi ekki skýr sérkenni eða tali ekki til okkar í slagorðum. Kannski er það lægsti samnefnari ákveðinnar menningar, eins og þriggja mínútna Eurovisionlag eða kannski er það útreiknaður barokk-kontrapunktur, en ég tel að einmitt nú, á þessum sérstöku tímum þegar fasistaöfl rísa upp í öllum löndum álfunnar með freistandi skilaboðum um sérhagsmuni og skammtímalausnir, þurfum við að skilja hvað við þrátt fyrir allt eigum. Þetta hefur allt meiningu: tattúin, snjóflyksurnar, paprikusnakkið, hámenningin, lágmenningin. Allt eru þetta laglínur slegnar úr sama hljómagangi. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur og þó við skiljum kannski ekki samhengið þá held ég að allir hljóti að skilja, sé horft á málið í því stóra samhengi sem það innilega verðskuldar, að það sem er í húfi er dýrmætt.

# Áskorun flugmanna á flugvél Landhelgisgæslu Íslands

Jakob Ólafsson
Hafsteinn Heiðarsson
Garðar Árnason
Hólmar Logi Sigmundsson
Ívar Atli Sigurjónsson
flugmenn hjá Landhelgisgæslu Íslands



Við undirritaðir sem störfum sem flugmenn á eftirlits-, leitar- og björgunarflugvél Landhelgisgæslu Íslands mótmælum harðlega lokun flugbrautar 06/24 á Reykjavíkurflugvelli áður en flugbraut 07/25 á Keflavíkurflugvelli er opnuð af flugöryggisástæðum, eins og kveðið er á um í fyrra samkomulagi ríkis og Reykjavíkurborgar. Því er engin flugbraut með þessari stefnu á suðvesturhorni landsins opin, til að takast á við válynd suðvestanveður, en þar eru neyðarsjúkrahús og miðstöð almannavarna og björgunarþjónustu landsins staðsett.

Þá hörmum við það að ekkert tillit var tekið til flugöryggishagsmuna sjúkra-, leitar-, björgunar- og almannavarnaflugs við þá ákvörðun að loka flugbraut 06/24 á Reykjavíkurflugvelli og óttumst afleiðingarnar af þeirri ráðstöfun þar sem oft á tíðum þarf að fara í slík neyðarflug þegar veður eru hvað verst og aðstæður hvað varasamastar, því hefur flugöryggi þeirra sem slíkt flug stunda verið skert.

Viljum við taka undir yfirlýsingu frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna frá 14. júní sl. en þar segir:

*„Lokun flugbrautar 06/24 á Reykjavíkurflugvelli.*

Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) hefur verulegar áhyggjur af stöðu flugöryggismála á Reykjavíkurflugvelli í kjölfar niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 268/2016 um að íslenska ríkinu beri að loka flugbraut 06/24 innan 16 vikna. Í áhættumati varðandi lokun brautarinnar frá 22. maí 2015 er ekki tekið tillit til áhrifa á flugvallakerfið í landinu í heild sinni, fjárhagslegra áhrifa á flugrekstur né það sem mestu máli skiptir þ.e. neyðarskipulags almannavarna og áhrifa á sjúkraflutninga.

> **Þá hörmum við það að ekkert tillit var tekið til flugöryggishagsmuna sjúkra-, leitar-, björgunar- og almannavarnaflugs við þá ákvörðun að loka flugbraut 06/24 á Reykjavíkurflugvelli.**

Að mati FÍA er flugbraut 06/24 í Reykjavík nauðsynlegur hluti af vellinum til að tryggja nýtingarhlutfall í ljósi mikilvægis vallarins til sjúkra- og neyðarflutninga.

Verði flugbraut 06/24 á Reykjavíkurflugvelli lokað er óviðunandi að ekki liggi fyrir ákvörðun um að opna á Keflavíkurflugvelli flugbraut með svipaða stefnu, sem staðið hefur lokuð í áraraðir. Mikilvægt er að flugbraut með stefnu suðvestur/norðaustur sé til staðar á Suðvesturlandi.“

Við undirritaðir förum fram á að samningar standi þannig að flugbraut 07/25 á Keflavíkurflugvelli verði opnuð án tafar og að flugbraut 06/24 í Reykjavík verði í að minnsta kosti opin fram að þeim tíma.



# Icesave og Guðni Th. Jóhannesson



**Jón Valur Jensson**
formaður Þjóðarheiðurs, samtaka gegn Icesave

Gjör rétt, þol ei órétt“ (Jón Sigurðsson forseti).

Guðni studdi Svavars-samninginn svo snemma sem 19. júní 2009, sagði þá í blaðinu Grapevine: „Það getur verið að okkur líki Icesave-samningurinn illa, en hinn kosturinn er miklu verri og kannski er þetta það bezta sem við eða einhver annar gæti fengið.“

Hér eru orð Guðna Th. á frummálinu, svo að enginn velkist í vafa um þá vanhugsun sem fólgin var í meðmælum hans með þeim stórháskalega samningi sem m.a. gaf Bretum fullt dómsvald um öll ágreiningsefni um samninginn og um afleiðingar þess að við gætum ekki staðið við hann (þær afleiðingar gátu m.a. verið stórfelld upptaka ríkiseigna); en Guðni talar: „We might not like the Icesave deal, but the alternative is much worse, and maybe this is the best we or anyone else could get.“

Alveg er makalaust að á framboðsvori 2016 hefur okkar sami Guðni bent ásakandi fingri á Ólaf Ragnar Grímsson með þeim orðum að hann hafi skrifað undir Icesave-samninginn síðsumars 2009.

Hver er Guðni að gagnrýna forsetann? Sjálfur var hann gagnrýnislaus meðmælandi upphaflega Svavarssamningsins. Skilmálalaust mælti hann með honum, sagði aðra valkosti „miklu verri“!

En stjórnarandstaðan á Alþingi 2009 sætti sig ekki við þann smánarsamning og vann að því ötullega að skeyta við hann ýtarlegum fyrirvörum sem drógu svo úr gildi hans fyrir Breta og Hollendinga, að þeir urðu alls ófúsir til að meðtaka hann í slíkri mynd; ekki lagaðist málið fyrir þá, þegar forsetinn hnykkti á þessu við undirritun laganna 2. sept. 2009 með sérstakri áritaðri tilvísun til fyrirvara Alþingis.

Niðurstaðan er einföld: Svavar Gestsson, Steingrímur J., Jóhanna og Össur flögguðu sínum óbreytta Svavarssamningi við Breta og Hollendinga. Guðni Th. (yfirlýstur femínisti) var þeim sammála á sjálfum hátíðisdegi kvenna 19. júní, með hans orðum: „kannski er þetta það bezta sem við eða einhver annar gæti fengið,“ um leið og hann tók fram, til að hafa þetta alveg á hreinu, að aðrir kostir væru „miklu verri“.

Hefði þetta fólk fengið að ráða, hefðum við aldrei fengið að sjá sýknudóminn sem kveðinn var upp í EFTA-réttinum 28. janúar 2013.

**Nær engin árvekni**

Árvekni Guðna var nánast engin: Í sama Grapevine 19.6. 2009 dró hann upp kolsvarta mynd: „augljóslega, ef Ísland myndi segja, að við ætluðum ekki að samþykkja þetta [Icesave-samninginn], þá myndi það gera okkur nánast eins einangruð og Norður-Kóreu eða Búrma (obviously, if Iceland were going to say, we're not going to accept this, that would pretty much make us as isolated as countries as North Korea or Myanmar).“ Þvílík hrakspá! Þurfum við á slíkri spásagnargáfu að halda á Bessastöðum?

> **Hefði þetta fólk fengið að ráða, hefðum við aldrei fengið að sjá sýknudóminn sem kveðinn var upp í EFTA-réttinum 28. janúar 2013.**

Hann greiddi Buchheit-samningnum atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl 2011, lýsti því sjálfur yfir og reyndi eftir á að skýla sér á bak við að 40% kjósenda hefðu kosið eins og hann! Ekki líktist hann þá Jóni Sigurðssyni sem vildi „eigi víkja“ frá rétti okkar. Leiðtogar eiga að vera leiðandi kjarkmenn sem standa með rétti þjóðar þegar að honum er sótt.

**Samningsleg viðurkenning**

Einnig Buchheit-samningurinn fól í sér samningslega viðurkenningu Jóhönnustjórnar á því, að íslenzka ríkið hefði verið í órétti í Icesave-málinu (þvert gegn öllum staðreyndum um lagalega réttarstöðu okkar skv. tilskipun ESB 94/19/EC og innfærslu hennar í ísl. lög nr. 98/1999). En sá samningur væri nú búinn að kosta okkur hartnær 80 milljarða í einbera vexti, óafturkræfa og það í erlendum gjaldeyri.

Einungis atbeini forsetans og höfnun þjóðarinnar á Icesave-lögunum í tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum varð okkur til lausnar: því að Bretar og Hollendingar með ESB í liði með sér höfðuðu þá málið gegn Íslandi fyrir EFTA-réttinum og steinlágu á því bragði. Svo hrein var samvizka okkar af því máli, að við fengum fortakslausan sýknudóm og þurftum ekki að borga eitt penný né evrucent og engan málskostnað!

Það er þung byrði fyrir ungan mann að hafa tekið eindregna afstöðu gegn lagalegum rétti þjóðar sinnar og ekki þorað að biðjast afsökunar. Hitt er meira í ætt við fífldirfsku að voga sér samt að sækjast eftir sjálfu forsetaembættinu hjá sömu þjóð nokkrum árum síðar! Því á ég fremur aðra ósk þessum málvini mínum til handa: um frjósöm ár við sífellt betri fræðimennsku og akademísk störf.

*Höfundur, formaður Þjóðarheiðurs, samtaka gegn Icesave, sat í framkvæmdaráði Samstöðu þjóðar gegn Icesave, sem stóð að undirskriftasöfnun á Kjósum.is með áskorun á forsetann að hafna Buchheit-lögunum.*

# Grundvallarspurning til forsetaframbjóðenda



**Hjörtur Hjartarson**
stjórnarmaður í Stjórnarskrárfélaginu

Eftirfarandi eru tvær samhangandi spurningar. Samanlagt snerta þær knýjandi spurningu um stjórnskipulag og stjórnarfar á Íslandi. Enginn sem býður sig fram til að gegna embætti forseta Íslands ætti að koma sér undan því að svara þeirri spurningu, því verðandi forseti mun standa frammi fyrir henni. Hún varðar farsæld og hamingju þjóðarinnar.

**Spurning I (tvíþætt)**

Núverandi ríkisstjórnarflokkar gáfu kjósendum fyrirheit um að Alþingi boðaði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB. Formsins vegna yrði slík þjóðaratkvæðagreiðsla ráðgefandi.

**a)** Teldir þú réttlætanlegt að Alþingi hunsaði niðurstöðu þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu, færi hún fram?

> **Enginn sem býður sig fram til að gegna embætti forseta Íslands ætti að koma sér undan því að svara þeirri spurningu, því verðandi forseti mun standa frammi fyrir henni. Hún varðar farsæld og hamingju þjóðarinnar.**

**b)** Þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram um frumvarp stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá 20. október 2012. Frumvarpið var samþykkt sem grundvöllur nýrrar stjórnarskrár og hlaut stuðning 67% kjósenda. Teldir þú réttlætanlegt að Alþingi virti ekki niðurstöðu þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu?

**Spurning II (tvíþætt)**

Á liðnu kjörtímabili ákvað stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis að virða niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012, og gerði ekki efnislegar breytingar á tillögunum, samþykktum grundvelli að nýrri stjórnarskrá. Í sama anda hefur Ragnar Aðalsteinsson lögmaður sagt um mögulegar efnislegar breytingar á samþykktum tillögum:

„Þeim, sem hafa hug á að endursemja og breyta tillögum ráðsins, er vandi á höndum, því færa má að því rök að þeir, sem það reyna, verði að færa á það ótvíræðar sönnur að breytingartillögur þeirra séu betur til þess fallnar að treysta almannahag en tillögur ráðsins.“

**a)** Ert þú sammála Ragnari Aðalsteinssyni eða telur þú að Alþingi geti horft framhjá þeim lýðræðislegu grundvallarsjónarmiðum sem ráða afstöðu hans?

**b)** Lawrence Lessig, lagaprófessor við Harvard-háskóla, spurði í Fréttablaðinu nýlega, vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012: „Hunsar Alþingi fullveldisrétt þjóðarinnar?“ Hann spurði síðan, í rökréttu framhaldi: „Með hvaða rétti?“ – Getur þú, forsetaframbjóðandi, svarað því?

# Kjósum rétt



**Halla Tómasdóttir**
forsetaframbjóðandi

Kæru Íslendingar

Nú göngum við til kosninga og veljum næsta forseta lýðveldisins. Að kosningum loknum er mikilvægt að sátt og sameining ríki um þann einstakling sem verður fyrir valinu.

Því vil ég hvetja kjósendur til að nýta rétt sinn og kynna sér vel það sem þeir frambjóðendur sem í boði eru hafa fram að færa.

Það skiptir máli að ákvörðunin sé tekin á upplýstan hátt, þannig fáum við góðan forseta.

> **Ég heyri að fleiri og fleiri ætla að kjósa framtíðina og vilja forseta sem mun gera gagn. Það skiptir máli að taka þátt því þannig getum við haft áhrif. Ég vel framtíðina og býð þjóðinni að fylgja mér í þeirri vegferð.**

Forseti getur gert heilmikið gagn fyrir land og þjóð. Forseti slær tóninn og er fyrirmynd, getur leitt samtal um jafnrétti, menntun og náttúruvernd, er fyrirmynd sem sýnir virðingu og heiðarleika í verki. Forseti getur skapað tækifæri fyrir Íslendinga, opnað dyr og stutt við íþróttafólk, listamenn, vísindamenn, tæknifólk og sprotafyrirtæki. Ég mun vera duglegur forseti sem þjóðin getur í senn nýtt til góðra verka og verið stolt af.

Úrslitin eru ekki ráðin, þitt atkvæði skiptir máli. Ég hvet þig til að kjósa þann frambjóðanda sem þú telur besta kostinn.

Það er engin ástæða til að velja þann næstbesta til þess að koma í veg fyrir að sá sem þú vilt ekki komist að. Valið stendur að mörgu leyti milli fortíðar, þess að standa í stað, eða að horfa til framtíðar.

Ég heyri að fleiri og fleiri ætla að kjósa framtíðina og vilja forseta sem mun gera gagn. Það skiptir máli að taka þátt því þannig getum við haft áhrif. Ég vel framtíðina og býð þjóðinni að fylgja mér í þeirri vegferð.

# Betur má ef duga skal!



**Gunnar Alexander Ólafsson**
hagfræðingur

> **Þrátt fyrir hið nýja fangelsi á Hólmsheiði, þá þarf að fjölga rýmum og bæta þjónustu við fanga, eins og sálfræðiþjónustu og aðgengi að námi og léttri vinnu.**

Föstudaginn 10. júní sl. var langþráðum áfanga náð í fangelsismálum þegar nýtt fangelsi var tekið í notkun. Mun það leysa af hólmi Hegningarhúsið og Kvennafangelsið. Þetta nýja fangelsi er ekki eingöngu merkilegt fyrir góðan aðbúnað og hönnun heldur er það fyrsta fangelsið sem er byggt sem fangelsi síðan Hegningarhúsið var tekið í notkun árið 1874!

Því merkilegri er svo sú staðreynd að fangelsismál hafa lengi verið í ólestri, en Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, hafði kjark og metnað til að berjast fyrir byggingu nýs fangelsis á árunum 2011-2013 þegar staða ríkissjóðs var alvarleg. Ber að hrósa og þakka Ögmundi fyrir hans baráttu sem og líka þeim Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Ólöfu Nordal að hafa fylgt málinu eftir af fullum þunga og klárað með sæmd. Nýja fangelsið er vel tæknilega útbúið gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með sérstakri deild fyrir kvenfanga. Í fangelsinu eru alls 56 fangaklefar. Heildarkostnaður við byggingu fangelsisins er um þrír milljarðar króna.

Hið nýja fangelsi er tekið í notkun á mikilvægum tíma þar sem skortur hefur verið á fangelsisrýmum og hefur boðunarlisti aðila til afplánunar lengst á undanförnum árum. Árið 2007 voru 105 aðilar á boðunarlista, árið 2009 voru þeir orðnir 213, árið 2012 voru þeir 366 og árið 2014 var fjöldi aðila á boðunarlista kominn í 437 eða um 300% fleiri en árið 2007. Fjöldi fanga sem eru í afplánun á hverju ári er um 150. Fjöldi fanga á afplánunarlista fangelsismála hefur hin síðari ár aukist og þrátt fyrir tilkomu hins nýja fangelsis mun það ekki leysa vandann. Margt hefur verið gert til að mæta fjölgun fanga á afplánunarlistanum, m.a. hefur föngum verið gefinn kostur á afplánun með samfélagsþjónustu og rafrænu eftirliti auk hins gamla úrræðis, reynslulausnar.

**Fjölga þarf rýmum**

Þrátt fyrir hið nýja fangelsi á Hólmsheiði, þá þarf að fjölga rýmum og bæta þjónustu við fanga, eins og sálfræðiþjónustu og aðgengi að námi og léttri vinnu. Árið 2010 gerði Ríkisendurskoðun skýrslu um stöðu fangelsismála á Íslandi. Skýrslan var gerð á þeim tíma þegar ekki var búið að ákveða byggingu fangelsisins á Hólmsheiði og einnig voru miklu færri á boðunarlista til afplánunar. Að auki hafa fleiri þungir dómar fallið síðan þá, m.a. vegna fíkniefnainnflutnings, kynferðisbrota og vegna löggjafar Alþingis um hertar refsingar. Ríkisendurskoðun lagði til í skýrslu sinni nokkra möguleika um hvernig eigi að takast á við aðsteðjandi vanda, m.a. byggingu nýs fangelsis og tvo kosti varðandi stækkun á fangelsinu á Litla-Hrauni. Annar kosturinn kallaði á stækkun sem næmi 22 rýmum og kostaði um 450 milljónir (um 550 milljónir á núvirði) eða meiri stækkun sem næmi 44 rýmum og kostaði um einn milljarð (um 1.250 milljónir á núvirði).

Með því að ráðast í stækkun á Litla-Hrauni er hægt að lækka rekstrarkostnað. Með því að fjölga rýmum í fangelsum er hægt að stytta boðunarlista til afplánunar, kalla aðila fyrr í afplánun og draga úr óvissu meðal fanga og aðstandenda sem er í samræmi við Mannréttindasáttmála Evrópu. Það er ábyrgð samfélagsins að gæta fanga, gera þeim kleift að takast á við afplánun af reisn og auðvelda þeim að koma aftur í samfélagið sem betri menn. Opnun fangelsisins á Hólmsheiði er stórt skref í þessa átt en betur má ef duga skal.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
24. JÚNÍ 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll



# ALDREI KOMIÐ Í VAGLASKÓG

Hljómsveitin Kaleo er á fljúgandi siglingu en platan hennar sem kom út í Bandaríkjunum 10. júní rauk upp í fyrsta sæti í sjö löndum og beint í 15. sæti Billboard-listans. **Jökull Júlíusson** er pollrólegur yfir velgengninni og segir þrotlausa vinnu liggja að baki.

**FRAMHALD Á SÍÐU 2**





Myndin er frá Hangout Fest í Alabama þar sem að Kaleo spilaði í síðasta mánuði.



Hljómsveitin á góðri stund í Napa Valley.



„... með aðdáanda í Idaho þar sem við héldum tónleika








Það eru alger forréttindi að tónlistin manns nái útbreiðslu og maður geti unnið við það sem maður elskar. MYNDIR/KALEO

„Ég verð að bæta úr þessu sem fyrst. Ég stefni á að fara allavega eitthvert norður í sumar en við ætlum að halda tónleika á Íslandi í júlí,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Kaleo, þegar í ljós kemur að hann hefur aldrei komið í Vaglaskóg. Það sé auðvitað hneisa þar sem útsetning hljómsveitarinnar á hinu rómaða lagi Vor í Vaglaskógi bræddi hvert einasta hjarta landsins sumarið 2013 og má segja að það hafi markað upphafið að velgengni Kaleo.

Dírfurðu ekki hljómsveitina með þér í fellihýsi í skóginn? „Ætli það verði ekki meiri stemning fyrir því að tjalda bara,“ segir hann sposkur.

Eitt og hálft ár er síðan hljómsveitin flutti með manni og mús til Austin í Texas til að freista gæfunnar og það hefur svo sannarlega tekist. Ný plata hljómsveitarinnar er að gera allt vitlaust. Rauk upp í fyrsta sæti í sjö löndum um leið og hún kom út og beint í 15. sæti á Billboard-listanum.

## MEÐ LÆKNATEYMI Í MÁLINU

Velgengninni fylgir álag og það fékk Jökull sjálfur að reyna á dögunum, þegar röddin gaf sig svo fresta þurfti tónleikum.

„Ég sagði þeim að þetta myndi gerast ef þau bókuðu mig of þétt, þetta eru afleiðingarnar. Ég er með heilu læknateymin í bæði LA, Nashville og víðar og treysti þeim fullkomlega. Það voru engir hnútar á raddböndunum bara ofálag. Ég er allur að koma til og ætti að vera orðinn flottur fyrir tónleikana í Gamla bíói í júlí, hlakka mikið til þeirra. Það hefði verið gaman að vera í toppstandi í útgáfuvikunni í LA og NY en svona er þetta. Ég fékk nokkra aukadaga til að koma heim og hvílast,“ segir hann. „Við erum nýkomnir heim og maður er bara að kúpla sig niður eftir mikla keyrslu,“ segir Jökull, hann eigi sterkt bakland í fjölskyldunni heima.

„Ég á þrjár systur, eina eldri og tvær yngri. Elsta systir mín gifti sig einmitt nýverið en ég komst ekki í brúðkaupið þar sem ég var á miðju tónleikaferðalagi. Mér þykir ótrúlega miður að hafa misst af því, þetta er örugglega það versta sem ég hef gert af mér,“ segir hann og vill meina að hann sé yfirleitt góður bróðir og sonur. Hann hafi verið þægt barn. „Mamma myndi kannski lýsa mér sem „ákveðnum ungum manni“,“ segir hann sposkur.

## STEFNDI Á FÓTBOLTANN

Tónlistaráhuginn kviknaði snemma og var Jökull farinn að æfa sig á píanó átta ára og leikur á gítar og píanó í dag ásamt því að syngja. Hann segist alæta á tónlist en þó höfði tónlist frá 6., 7. og 8. áratugnum sérstaklega til hans. Uppáhaldshljómsveitirnar séu The Doors, Bítlarnir svo og Ray Charles. Hann sá sjálfan sig þó ekki fyrir sér sem tónlistarmann fyrr en fyrir fáeinum árum.

„Ég hef alltaf verið mikill fótboltaáhugamaður og ég held að mig hafi lengi vel langað til að verða íþróttamaður. Bæði spilaði ég þegar ég var yngri og fylgdist mikið með í sjónvarpi. Það hefur minnkað eftir að ég flutti út enda mikill tímamismunur og í raun sorglega lítill áhugi á fótbolta í Bandaríkjunum. Ég hef reynt að komast inn í íþróttamenninguna hér úti og hef fylgst með NBA og NFL. Ég fylgist að sjálfsögðu með EM í fótbolta. Við horfðum á fyrsta leikinn á bar á Manhattan og misstum nánast af fluginu okkar því við gátum ekki sleppt seinni hálfleik. Ég er gífurlega ánægður og stoltur af frammistöðu liðsins í alla staði.“



„Þessi er tekin á tónleikum í Colorado nýverið. Stuttu seinna þurftum við að hætta að spila og rýma svæðið vegna eldinga.“

## POLLRÓLEGUR YFIR PLÖTUNNI

Hvað þýða þessar móttökur sem platan fær fyrir ykkur?

„Þetta hefur auðvitað mjög jákvæð áhrif fyrir okkur úti og kemur sér mjög vel, sérstaklega þar sem að „Way Down We Go“ er á rosalegum skriði í útvarpi úti einnig. Þetta vinnur því vel saman. Við erum líka mjög spenntir fyrir Ameríku- og Evróputúr í haust,“ segir Jökull. Hljómsveitin virðist þó ekki láta vinsældirnar stíga sér til höfuðs, allavega fer Jökull að hlæja þegar hann er spurður hvort þeir séu búnir að „meikaða“.

„Ætli það sé ekki fyrir aðra að dæma um það. Ég held að við séum alls ekkert að velta okkur of mikið upp úr því, hvað sem það þýðir eða stendur fyrir.“ segir hann en viðurkennir þó að hlutirnir gangi glimrandi vel.

„Við erum auðvitað í skýjunum yfir móttökunum sem við höfum fengið. Við erum sífellt að sjá aukningu á tónleikum og útbreiðslu tónlistarinnar auk þess sem okkur hefur verið tekið frábærlega vel í útvarpi, ekki bara í Bandaríkjunum heldur víðar í heiminum. Við gætum allavega ekki beðið um meira á stuttum tíma en að sjálfsögðu er stefnan bara sett hærra í framhaldinu,“ segir hann og þakkar árangurinn þrotlausri vinnu. Hljómsveitarlífið í fyrirheitna landinu sé ekki eintómt partístand og stuð.

„Partí og glamúr er vissulega hluti af þessu og stendur mönnum til boða. Þetta er aftur á móti líka mikil vinna og stífur fókus. Það eru alger forréttindi að tónlistin manns nái útbreiðslu og maður geti unnið við það sem maður elskar. Það kemur mér kannski mest á óvart hversu mikið af mismunandi fólki á öllum aldri tengir við tónlistina,“ segir Jökull.

## FORÐAST „DENIM ON DENIM“

Er kominn Texasbragur á þig? „Ég á reyndar ekki kúrekahatt enn þá. Stígvél á ég en reyni að forðast „denim on denim,“ segir Jökull. „Það er að sjálfsögðu hluti af þessu að spá í útlitið, sérstaklega þegar við erum að koma svona mikið fram og erum með stílista nánast við hvert tilefni,“ segir hann. „Ég reyni líka að hreyfa mig nánast daglega en frítíminn er sorglega lítill og ég má þakka fyrir ef það er tími til þess.“

## HAFA TRÚ Á SJÁLFUM SÉR

Hvaða ráð áttu handa ungum krökkum sem eru að berja saman hljómsveit úti í bílskúr? „Trúið á sjálf ykkur og það sem þið eruð að gera. Það er fyrsta en líka mikilvægasta skrefið.“

Hvar sérðu sjálfan þig eftir 10 ár? „Vonandi búinn að áorka því sem ég ætla mér og mögulega að stofna eða búinn að stofna fjölskyldu.“ **heida@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429


SUMARSPRENGJA
40%
afsláttur
af öllum vörum
COSMO
Kringlunni



Sacha Bernardson frá Suður-Frakklandi býður Íslendingum að slaka á við undirleik ljúfra tóna enda ekki vanþörf á fyrir átök mánudagsins. MYND/ANTON BRINK

# LÚLLAÐ VIÐ LJÚFA TÓNA Í LISTASTOFU

Tónlistarmaðurinn Sacha Bernardson býður gestum og gangandi í rólegt og afslappað náttfatapartí aðfaranótt sunnudags.

Þeir sem sjá fram á að fara yfir um af spennu á kosninganótt geta leitað skjóls í Listastofunni á Hringbraut 119 þar sem tónlistarmaðurinn Sacha Bernardson stendur fyrir viðburði sem hann kallar „Music to sleep to“ þar sem hann hyggst bjóða gestum og gangandi að leggja sig og jafnvel sofa alla nóttina við róandi tóna. Sacha er frá Bayonne í Suðvestur-Frakklandi en verður í Reykjavík í sjö mánuði til að sinna list sinni. Hann lætur vel af dvöl sinni hér en lætur truflast af björtu nóttunum. „Ég sakna stjarnanna og tunglsins. Veturinn er í meira uppáhaldi hjá mér, þegar allur dagurinn er eins og ein löng morgunstund og himinninn er á litinn eins og perlumóðir.“ Hann segir loftslagið á heimaslóðum hans vera svipað allan ársins hring. „Ég er ekki vanur árstíðum og finnst þetta beina samband við veðrið heillandi. Svo þoli ég ekki of mikinn hita svo Ísland hentar mér mjög vel.“ Sacha hefur alltaf samið tónlist og alltaf tengt hana því sjónræna. „Ég er líka grafískur hönnuður og finnst gaman að blanda þessu tvennu saman og vinn helst með hljóð úr umhverfinu og röddina í mér sem ég blanda saman í tölvu. Fyrir mér er tónlist samspil milli flytjenda og áhorfenda og ég velti mikið fyrir mér hvernig ég get fengið áheyrendur til að sýna viðbrögð.“

Tónlist til að sofna út frá eða Music to fall asleep to er lokakaflinn í þriggja daga tónlistarviðburði sem hófst í gær með fyrirlestri þar sem Sacha kynnti tónlistarsköpun sína og aðferðir. Í kvöld eru svo tónleikar þar sem hann leikur með hljómsveitinni The Mermaids eða Hafmeyjunum en hana skipa Sunna Friðjónsdóttir, Dagný Lilja Snorradóttir, Martina Kašparová og Camilla Fièvre D'Archer. Tónleikarnir hefjast klukkan sjö og verður órafmögnuð tónlist fyrst á dagskrá en skipt yfir í raftónlist klukkan níu. Flutt verður tónlist af væntanlegri plötu Sacha sem heitir Rockall en áður hefur hann sent frá sér sex plötur auk þess að semja tónlist við kvikmyndir og ýmsa listræna viðburði.



> „Ég hef verið að semja mjög háværa tónlist undanfarið svo þetta verður kærkomin hvíld fyrir mig, ekki síður en áheyrendur
>
> Sacha Bernardson

Á laugardagskvöldið lofar Sacha afslappaðri stemmingu. Gestum er boðið að hreiðra um sig í sýningarrýminu þar sem hátölurum hefur verið komið fyrir á víð og dreif. Á hálftíma fresti breytist tónlistin og þannig langar listamanninn að búa til stemmingu sem er í senn dáleiðandi og heilandi. Gestum býðst að blanda sér í hljóðheiminn með því að leika á sláttarhljóðfæri eða spinna með rödd en allt þarf að sjálfsögðu að vera í lágstemmdara lagi. „Ég hef verið að semja mjög háværa tónlist með miklum og sterkum áslætti og stórum kórum undanfarið svo þetta verður kærkomin hvíld fyrir mig, ekki síður en áheyrendur,“ segir Sacha að lokum.

Viðburðurinn hefst klukkan tíu annað kvöld og stendur til sex í á sunnudagsmorgun. Áhugasömum er bent á að koma með svefnpoka en dýnur og koddar verða á staðnum. **brynhildur@365.is**






# KJÚKLINGUR Í HNETUSÓSU

Ótrúlega góður og sumarlegur kjúklingur í satay-sósu beint af grillinu. Mjög góður réttur með salati og léttur í maga. Það er auðvelt að gera sína eigin satay-sósu eða öllu heldur hnetusósu. Þegar kjúklingurinn er eldaður má taka hann af spjótunum og setja í heitt flatbrauð, líkt og naan-brauð. Síðan er sósu bætt við, límónusafa og góðu salati. Þessi uppskrift dugar fyrir fjóra.

**4 kjúklingabringur**
**Satay-sósa (hnetusósa)**
**1 ¼ dl hnetusmjör**
**2 msk. sítrónusafi**
**2 msk. hunang**
**2 msk. sojasósa**
**¼ tsk. chili-sósa**
**1 tsk. cumin (ekki kúmen)**
**1 tsk. þurrkað kóríander**

Skerið kjúklingabringurnar í strimla eftir endilöngu. Leggið trépinna í kalt vatn í 30 mínútur.

Blandið öllu sem á að fara í hnetusósa saman og penslið kjúklingastrimlana með sósunni. Geymið hluta hennar. Grillið kjötið í um það bil tvær mínútur á hvorri hlið.

Með þessu er hægt að hafa hrísgrjón eða brauð, hnetusósu og sterka chili-sósu.



Ljúffengur kjúklingur í hnetusósu.

**Flatbrauð**

Það er frábært að setja grillaðan kjúkling í heitt flatbrauð, líkt og tortilla-brauð. Einfalt er að gera slíkt brauð.

**200 g hveiti**
**¼ salt**
**100 ml volgt vatn**
**2 msk. olía**

Setjið hveiti, olíu og salt í stóra skál. Bætið vatni saman við smátt og smátt á meðan deigið er hnoðað. Ef deigið er of blautt er meira hveiti bætt saman við. Látið deigið hvíla í hálftíma áður en því er skipt niður í litla hluta og flatt út. Uppskriftin er fjögur stór flatbrauð. Setjið olíu á pönnu og steikið brauðið þar til það lyftir sér og brúnast. Um það bil tvær mínútur. Einnig má steikja brauðið á útigrillinu. Gott er að pensla brauðið með hvítlauksolíu á meðan það er heitt.




Simi: 527-1060 | www.veidiflugur.is

Veiðiflugur



Fjölskyldupítsan getur verið mjög fjölbreytt.



Skúffukakan er góður endapunktur á flottri máltíð.



Girnileg lambaspjót með kóríandersósu.

# UPPSKRIFT AÐ FULLKOMINNI HELGI

Sjónvarpskokkurinn **Eva Laufey Hermannsdóttir** og ungu aðstoðarkokkarnir hennar í þáttunum Það er leikur að læra, sem sýndir eru á Stöð 2 á fimmtudögum, töfruðu fram þrjá frábæra rétti sem gaman væri að gera um helgina.

*Matargleði*
Evu Laufeyjar Hermannsdóttur





## FJÖLSKYLDUPITSA

**Pitsudeig**

- 2½ dl volgt vatn
- 25 g þurrger
- 2 tsk. hunang
- 2 msk. ólífuolía
- 350-400 g brauðhveiti

Leysið gerið upp í volgu vatni og það er afar mikilvægt að gerið sé volgt. Bætið hunangi saman við og hrærið vel í. Þegar byrjar að freyða í skálinni er gerið klárt. Blandið olíu og hveitinu saman við í hrærivélarskál. Þið getið auðvitað hnoðað deigið í höndunum en mér finnst langbest að nota hnoðarann á hrærivélinni, það ferli tekur um það bil 4-6 mínútur. Deigið er tilbúið þegar það er orðið að kúlu og klístrast ekki við hrærivélarskálina. Setjið viskastykki yfir skálina og leyfið deiginu að hefa sig í klukkustund.

**Tillögur að áleggi:**

- Hakkaðir tómatar eða pitsusósa
- Rifinn ostur
- Ananas
- Skinka
- Hráskinka
- Rjómaostur
- Sveppir
- Bananar
- Salt og pipar
- Klettasalat

Skerið hráefnið niður í litla bita, það fer eftir smekk hvers og eins hvað fer ofan á pitsuna. Gaman er að bera áleggið fram í litlum skálum og leyfa hverjum og einum að setja á sinn helming.

Bakið pitsuna í 8-10 mínútur við 220°C eða þar til osturinn er gullinbrúnn.

## BESTA SKÚFFUKAKAN

- 1 bolli = 2,5 dl
- 3 bollar hveiti
- 2 bollar sykur
- 3 egg
- 2 bollar Ab-mjólk
- 1 bolli olía
- 5-6 msk. kakó
- 2 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. matarsódi
- 2 tsk. vanilludropar

Blandið öllum hráefnum saman og hrærið í nokkrar mínútur eða þar til deigið verður slétt og fínt. Hellið deiginu í bökunarform eða ofnskúffu. Bakið við 175°C í 20 mínútur. Mikilvægt að fylgjast með og stinga gaffli í kökuna til þess að athuga hvort hún sé tilbúin, passið ykkur á því að baka ekki of lengi. Kælið kökuna smávegis áður en þið setjið á hana kremið.

**Súkkulaðikrem**

- 230 g smjör
- 500 g flórsykur
- 150 g súkkulaði, brætt
- 3 msk. kakó
- 1 egg
- 2 tsk. vanilludropar
- 1-2 msk. uppáhellt kaffi

Þeytið saman smjör og flórsykur þar til blandan verður létt og ljós, bræðið súkkulaði og bætið saman við. Þeytið áfram og bætið hinum hráefnunum saman við, bragðbætið með vanillu og ef til vill kaffi. Þegar kremið er orðið silkimjúkt þá er það tilbúið. Skreytið kökuna gjarnan með ferskum berjum og öðru skrauti.

## LAMBASPJÓT MEÐ KÓRÍANDERSÓSU

- 600 g lambalundir
- Grillspjót
- 2-3 msk. ólífuolía
- 2 msk. smátt saxaður kóríander
- 2 hvítlauksrif
- 1 msk. smátt saxaður chili

Leggið grillspjótin í kalt vatn í að minnsta kosti hálftíma áður en þið notið þau.

Saxið niður kóríander, hvítlauk og chili og blandið saman við olíu. Kryddið til með salti og pipar. Leggið kjötið í marineringuna, best í 2-3 klst.

Þræðið kjötið upp á grillpinna og grillið eða steikið á pönnu í 3-4 mínútur á hvorri hlið.

Berið fram með æðislegri jógúrtsósu.

## JÓGÚRTSÓSA MEÐ KÓRÍANDER

- 1 dós grískt jógúrt
- Handfylli kóríander
- ½ rauður chili
- Safi úr hálfri sítrónu
- Salt og pipar
- 1 hvítlauksrif

Setjið öll hráefnin í matvinnsluvél eða maukið með töfrasprota. Gott er að kæla sósuna í um það bil hálftíma áður en þið berið hana fram.


20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM YFIRHÖFNUM!
hjá
Hafnhildi
2015 Framúrskarandi fyrirtæki
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is




Í leðurjakka frá Won Hundred, kjól frá LVR og hettupeysu af föður sínum.

MYNDIR/EYÞÓR



Í svörtum flauelskjól eftir Eygló.



Í kjól eftir Carol Young sem keyptur var í Los Angeles á góðum degi. Hálsmenið er eftir Elínu Hansdóttur.

# VILL HAFA LEIKGLEÐINA RÍKJANDI

Tónlistarkonan Kira Kira, Kristín Björk Kristjánsdóttir, verður með tónleika í Mengi við Óðinsgötu á föstudagskvöldið. Hún hefur mjög gaman af fólki sem þorir að klæða sig nákvæmlega eins og því sýnist óháð nýjustu tísku.

**Spáir þú mikið í tísku?** Ég hef alltaf verið vakandi fyrir spennandi hönnun og hef gaman af leikgleði í klæðaburði. Tíska hins vegar getur verið svo margt. Ótrúlegustu hörmungar hafa orðið að tískubylgjum, eða faraldri, liggur mér við að segja. Þess vegna er svo mikilvægt að hver og einn treysti sínu innsæi með það hvað er flott og hvað ekki. Það getur verið að það sé bara ein manneskja í bænum sem kemst upp með að vera í einhverjum brjáluðum jakka til dæmis, og sú manneskja gæti vel verið þú. Þannig að ég hef mjög gaman af fólki sem þorir að klæða sig nákvæmlega eins og því sýnist, óháð nýjustu tísku.

GERRY WEBER – TAIFUN – BETTY BARCLAY
SUMARSALAN HAFIN
20–30% AFSL.



BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Þessa dagana er ég yfirleitt á leið í eða úr jóga og svo í stúdíóið að vinna, þannig að ég er mest í þægilegum galla sem virkar líka ef ég skyldi bregða eitthvað út af því tempói.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Yfirleitt á ferðalögum, en þá sjaldan að ég fjárfesti í einhverju hér heima versla ég ýmist við Kiosk eða kaupi af vinum á einhverjum skemmtilegum pop-up mörkuðum.

**Eyðir þú miklu í föt?** Nei. Þar til nýlega þá var ég ekki búin að eyða krónu í föt í svona ár.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Ætli það sé ekki hvítur kjóll eftir Carol Young úr „I Am Undesigned"-seríunni sem ég keypti í Los Angeles fyrir tveimur árum, rétt áður en ég fór í mjög eftirminnilegt sundlaugarpartí. Þetta er algjör happakjóll.

**Uppáhaldshönnuður?** Helicopter og Eygló.

**Bestu kaupin?** Úff, ég veit það ekki. Kannski bara nýi leðurjakkinn minn sem ég keypti af magnaðri skáldkonu í Vesturbænum um daginn. Hann passar upp á mig, þessi jakki, eins og lífvörður.

**Verstu kaupin?** Ég geri aldrei slæm kaup. Ef maður ætlar að vera að þessu á annað borð, þá er alveg eins gott að gera þetta almennilega.




Í Eskmo-bol eftir tónlistarmanninn Eskmo. Derhúfan tilheyrir Hermigervli. Hana fékk Kristín lánaða því að hún margfaldar afköst og framkvæmdagleði um 111%.

**Hverju verður bætt við fataskápinn næst?** Það kæmi ekki á óvart ef það yrðu einhvers konar jógaþræðir, annars hef ég ekkert spáð í því satt best að segja.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Ég geri mitt besta til að vera sátt við mig, nákvæmlega eins og ég er. Það eru auðvitað alls konar stillingaratriði, en ég legg mig fram um að fókusera heldur á styrkleika mína og fólksins í kringum mig, enda verður það sem við einbeitum okkur að stærra og meira.

**Notar þú fylgihluti?** Ég hef mjög gaman af alls konar hálsmenum og verndargripum og á til dæmis tvö eftir Elínu Hansdóttur sem ég held mikið upp á.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Vinkonur mínar eru þvílíkir töffarar og glæsikvendi allar sem ein og þær gefa mér oft innblástur þegar kemur að klæðaburði og almennum elegans.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Ég er með tónleika í Mengi við Óðinsgötu á föstudagskvöldið. Þar er planið að spila músík sem ég er að pródúsera fyrir tvær nýjar plötur sem koma út í lok árs. Önnur þeirra er samstarf okkar Eskmo, bandarísks tónlistarmanns frá Los Angeles, og hin er allsherjar vinasamstarfsfögnuður sem ég hef verið að taka upp undanfarið með Hermigervli.




# NÝTT – BÍÓMYNDIR Á 0 KR.

**Sjónvarp 365 veitir áskrifendum að völdum tilboðspökkum* aðgang að frábæru sjónvarpsefni fyrir 0 kr. – og margt fleira**

- Yfir 130 bíómyndir fylgja með í hverjum mánuði
- Aðgangur að Stöð 2 Maraþon með yfir 500 íslenska og erlenda þætti á 0 kr.
- Níu erlendar sjónvarpsstöðvum á 0 kr.
- Tímaflakk og Stöð 2 Frelsi þegar þér hentar
- Möguleiki á að kaupa aðgang að stökum íþróttaviðburðum

*Fylgir með Skemmtipakkanum, Stórapakkanum og Risapakkanum.

365.is | Sími 1817

365

## Húsaviðhald

VIÐHALD FASTEIGNA
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaidnadarmenn.is
johann@2b.is

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir
Málningavinna · Múrvinna · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna · Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu
Uppl. í síma: 820 8888 eða markmid@markmid-ehf.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**LAGERHREINSUN, ÞÚSUNDIR FERMETRA Á ÚTSÖLU!**
Ítalskar granít flísar gegnheilar 30x60 gullfallegar og sterkar, verð 2990.-kr, Uppl. 820-5181

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri



**HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL**
HYUNDAI píanó til sölu, ásamt bólstruðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð. Upplýsingar hjá ghalldor@simnet.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN, PRASTALUNDI,**

**801 SELFOSS**
Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf einnig afgreiðslufólki í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari upplýsingar sverrir@brimhotel.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
59,5%
íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*
Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi




EM í beinni!
Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



Hljómsveitin AMIGOS
Arnar Freyr, Jóhann Ingva, Jón Kjartan og Jón Borgar spila um helgina.
Allir velkomnir
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Snorri Hermannsson hefur opnað Dekkjaþjónustuna í Auðbrekku 2, Kópavogi.
Frábær opnunartilboð
15-20% afsláttur
af dekkjum og þjónustu út júní.
Hjólbarðaþjónusta - Ný og notuð dekk - Umboðssala fyrir dekk og felgur
Tökum notuð dekk upp í ný dekk - Pólýhúðun á felgum
Dekkjahótel Áratugareynsla og persónuleg þjónusta.



DEKKJAÞJÓNUSTAN
Auðbrekku 2, Kópavogi
S: 557 6644 / 823 6644 - Verið velkomin - þú finnur okkur líka á facebook.


Endalaust 365
ENDALAUST
NET
GSM
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
Endalaus og áhyggjulaus Internetáskrift.
2.990 KR.**
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG NÚ Í FYRSTA SINN ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
Þú getur hringt, sent sms og vafrað um á netinu áhyggjulaust.
Settu þig í samband og fáðu Endalaust 365
1817
365.is
* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini.
**Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer.
Nánari upplýsingar á 365.is
365

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR

FRÉTTIRNAR

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

365
FRÉTTASTOFA



## Varamenn íslenska landsliðsins í sigrinum á Austurríki

**KOM INN Á 71. MÍNÚTU**
**Theódór Elmar Bjarnason**
Mínútur á EM fyrir leikinn **4:53**
LÉK Í **23:33** MÍNÚTUR
16 sinnum með boltann
Vann tæklingar 2|3
3 heppnaðar hreinsanir
Heppnaðar sendingar 5|7
Stoðsending fyrir sigurmark

**KOM INN Á 80. MÍNÚTU**
**Arnór Ingvi Traustason**
Mínútur á EM fyrir leikinn **0:00**
LÉK Í **14:28** MÍNÚTUR
12 sinnum með boltann
2 heppnaðar hreinsanir
Heppnaðar sendingar 3|4
Sigurmark

**KOM INN Á 86. MÍNÚTU**
**Sverrir Ingi Ingason**
Mínútur á EM fyrir leikinn **0:00**
LÉK Í **08:03** MÍNÚTUR
4 sinnum með boltann
3 heppnaðar hreinsanir
Fór í 3 skallaeinvígi



FRÉTTABLAÐIÐ/SILJA

# Kraftur úr óvæntri átt

**Skiptingar þjálfara íslenska landsliðsins í sigurleiknum á Austurríki í París á miðvikudagskvöldið gengu fullkomlega upp. Heimir Hallgrímsson segir þá „kúl“ og kraftmikla stráka sem hann sé afar stoltur af.**

EM2016

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Það var ekki lítill þáttur sem varamennirnir áttu í 2-1 sigri Íslands á Austurríki þegar liðin mættust á þjóðarleikvangi Frakka, Stade de France, á miðvikudagskvöldið.

Íslenska þjóðin sameinaðist í siguröskri á fjórðu mínútu uppbótartíma leiksins þegar Arnór Ingvi Traustason náði að koma boltanum í netið eftir sendingu Theodórs Elmars Bjarnasonar. Báðir voru varamenn í leiknum, rétt eins og Sverrir Ingi Ingason.

Þjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson ákváðu því að stóla á unga og fríska fætur í þessum aðstæðum. Aðrir kostir voru til að mynda reynsluboltarnir Eiður Smári Guðjohnsen og Emil Hallfreðsson sem komu báðir inn á í leiknum gegn Ungverjalandi.

### Hrikalega stoltir

„Við erum hrikalega stoltir af þessum strákum,“ sagði Heimir Hallgrímsson við Fréttablaðið í gær og átti þá við alla leikmenn íslenska landsliðshópsins. Hann lofaði hugarfar leikmannanna, sem sást best á þeim þremur sem komu inn á.

„Þeir voru „kúl“ og kraftmiklir. Við þurftum ferska fætur inn á þessum tíma. Svo var sterkt að fá Sverri Inga þarna inn í teiginn þegar Austurríki var byrjað að dæla boltum þar inn. Hann kom með mikilvæga skalla í burtu. Við erum mjög ánægðir með þá og allan hópinn.“

### Báðir jafn þreyttir

Þreytumerkin voru augljós á íslenska liðinu enda hefur byrjunarlið Íslands verið eins alla keppnina hingað til og svo sem ekki útlit fyrir að það muni endilega breytast fyrir leikinn gegn Englandi í 16-liða úrslitunum á mánudag.

„Þeir sem komu inn á í leiknum í gær komu inn með kraft og voru klókir. Ég verð að hrósa öllum leikmönnunum, þeir vörðust vel allan leikinn og tóku vel á því frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu,“ sagði Lagerbäck í gær.

Sóknarmennirnir Jón Daði Böðvarsson og Kolbeinn Sigþórsson fóru báðir af velli í leiknum. Lagerbäck sagði að Jón Daði hefði farið fyrr af velli til að halda Kolbeini inn á eins lengi og mögulegt er.

„Kolbeinn er mjög mikilvægur í að verjast föstum leikatriðum því hann getur unnið skallaeinvígin. En þetta var 50-50 ákvörðun því þeir voru báðir jafn þreyttir,“ sagði Lagerbäck og brosti.



**Arnór Ingvi Traustason fagnar hér sigurmarki sínu á móti Austurríki sem kom eftir 14 mínútna leik í hans fyrsta leik á Evrópumóti.**

### Fyrstu mótsleikirnir

Það má sjá hér til hliðar hversu góð áhrif varamennirnir þrír höfðu á leik íslenska liðsins eftir innkomu þeirra. Þeir voru aðeins búnir að spila í samtals fjórar mínútur og 53 sekúndur áður en það kom að leiknum á Stade de France en þess ber einnig að geta að Arnór Ingvi og Sverrir Ingi voru að spila sína fyrstu mótsleiki. Þeir höfðu aðeins áður komið við sögu í vináttulandsleikjum.

En þeir sýndu að þeir geta vel staðist álagið sem fylgir því að spila á stóra sviðinu og það gæti reynst dýrmætt í leiknum mikilvæga gegn Englandi í Nice á mánudag.

**Pepsi-deild karla í fótbolta**

**Stjarnan - ÍBV 1-0**
1-0 Arnar Már Björgvinsson (29.).

**Stjörnumenn höfðu ekki unnið deildarleik síðan 12. maí og aðeins fengið tvö stig út úr fjórum síðustu leikjum. Fengu þrjú stig en líka tvö rauð spjöld því Rúnar Páll Sigmundsson var rekinn upp í stúku og Guðjón Baldvinsson fékk beint rautt spjald.**

**KR - ÍA 1-2**
1-0 Kennie Knak Chopart (53.), 1-1 Garðar Gunnlaugsson, víti (83.), 1-2 Garðar (90.+3).

**Þetta var fimmta tap KR-liðsins í síðustu sex leikjum í deild og bikar. Fyrsti deildarsigur Skagamanna síðan 12. maí.**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 17 | Valur | 10 |
| Fjölnir | 16 | KR | 9 |
| Breiðablik | 15 | Víkingur R. | 8 |
| Stjarnan | 14 | ÍA | 7 |
| Víkingur Ó. | 14 | Þróttur | 7 |
| ÍBV | 13 | Fylkir | 2 |

### ÍSLENDINGAR FÁ AÐEINS ÞRJÚ ÞÚSUND MIÐA Á LEIKINN

Það verða miklu fleiri Englendingar en Íslendingar á leik Íslands og Englands í sextán liða úrslitum Evrópumótsins í fótbolta í Frakklandi á mánudaginn. Íslendingar fá aðeins þrjú þúsund miða á leikinn en völlurinn tekur tæplega 36 þúsund manns í sæti. Íslendingar fengu því aðeins átta prósent af miðum í boði.

**Búinn að horfa á sigurmarkið í lýsingu @GummiBen 20x í dag. Það framkallar ennþá bros og nokkur tár.**

Teitur Örlygsson
@teitur11

### STRÁKARNIR SPILA Í METZ OG GÁTU VERIÐ ÓHEPPNARI

Íslenska karlalandsliðið í handbolta verður í B-riðli á Heimsmeistaramótinu í Frakklandi í janúar en dregið var í riðlana í gær. Íslenska liðið hefði getað verið óheppnara með riðil en hann er engu að síður mjög krefjandi. Ísland er með Spáni, Slóveníu og Makedóníu í riðli en einnig Afríkuþjóðunum Túnis og Angóla. Riðill Íslands verður spilaður í Metz sem er borg í Norður-Frakklandi við landamæri Lúxemborgar. Frakkar völdu sér erfiðan riðil og spila ekki í París heldur í Nantes. Þeir eru með Póllandi, Rússlandi og Noregi í riðli. Guðmundur Guðmundsson og lærisveinar hans í danska landsliðinu eru í riðli með Katar, Svíþjóð og Egyptalandi en þeir spila í París. Síðasti riðillinn þar sem eru lið eins og Þýskaland, Ungverjaland og Króatía fer síðan fram í Rouen.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Haukar - Keflavík | Sport 2 |
| 19.30 | Breiðablik - Valur | Sport |
| 22.00 | Pepsi-mörkin | Sport |
| 19.15 | Víking. R. - Víking. Ó. | Víkin |
| 19.15 | FH - Fylkir | Kaplakrikav. |
| 20.00 | Breiðablik - Valur | Kópavog. |
| 20.00 | Þróttur R. - Fjölnir | Þróttarav. |


www.volkswagen.is
Þetta er meira en bara bíll.
Þetta er skjöldur fyrir það sem
skiptir mestu máli.
Volkswagen



✝

Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Skaftasonar**
fyrrv. alþingismanns og sýslumanns,
Sunnubraut 8, Kópavogi.

**Hólmfríður Gestsdóttir**
**Gestur Jónsson** **Margrét Geirsdóttir**
**Helga Jónsdóttir**
**Skafti Jónsson** **Kristín Þorsteinsdóttir**
**Gunnar Jónsson** **Kristín Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Bryndís Einarsdóttir**
lést á Landspítalanum v/Hringbraut mánudaginn 20. júní.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 4. júlí kl. 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en hverjum þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðmundur Óskar Hermannsson**
**Guðbjörg Sigríður Kristjónsdóttir**
**Hermann Guðmundsson** **Signý Magnúsdóttir**
**Ingþór Guðmundsson** **Sigríður Harpa Benediktsdóttir**
**Sólveig Guðmundsdóttir** **Daníel Sveinbjörnsson**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar,

**Gunnar Geir Gunnarsson**
Klapparstíg 1,
áður til heimilis að Kárastíg 15,
Hofsósi,

lést á hjartadeild Landspítalans mánudaginn 20. júní.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Geir Gunnarsson**
**Þröstur Viðar Gunnarsson**
**Pálína Sif Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Þórhallur Arason**
til heimilis að Fjarðargötu 47,
Þingeyri,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að kvöldi sunnudags 19. júní.

Útförin fer fram í Fossvogskirkju þriðjudaginn 28. júní klukkan 15.00.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á heimahlynningu eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Þráinn Þórhallsson, Klara Kristjánsdóttir,**
**Dalí Þráinsson og Svava Aradóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður K. Eiríksson**
Norðurkoti 3,
Sandgerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 19. júní.

Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, mánudaginn 27. júní kl. 14.00.

**Sóley Björg Færseth** **Þorbjörn Guðjónsson**
**Erla Ósk Sigurðardóttir Færseth** **Kristján Guðmundsson**
**Sigríður Hanna Sigurðardóttir** **Páll Þórðarson**
**Petrína Freyja Sigurðardóttir** **Böðvar Þórisson**
**Einar Sigurðarson** **Jennifer Randall**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Þau Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri, Auður I. Ottesen og Ari Eggertsson, umhverfisstjóri Hveragerðis, eru að vonum spennt fyrir helginni.**

# Forsetavendir og fertugir kaktusar í Hveragerði

**Svona er í pottinn búið er nafn vandaðrar blómasýningar sem hefst í dag í Hveragerði. Tilefnið er sjötíu ára afmæli þess mikla blómabæjar. Mikið verður um dýrðir alla helgina.**

Um komandi helgi verður blásið til blómasögusýningarinnar Svona er í pottinn búið, í tilefni sjötíu ára afmælis Hveragerðisbæjar. Sýningarstjóri og hönnuður sýningarinnar er Auður I. Ottesen, ritstjóri Sumarhússins og garðsins og framkvæmdastjóri afmælishátíðarinnar.

„Um er að ræða þrjú hundruð fermetra sýningu í íþróttahúsi bæjarins við Skólamörk, nærri lystigarðinum. Þar mun LandArt hópurinn setja upp sín verk og skemmtidagskrá fer fram,“ segir Auður. Á sýningunni gefst gestum kostur á að upplifa sögu pottaplantna og afskorinna blóma. „Verða svo settar upp fimm stássstofur sem sýna hvernig blóm hafa prýtt íslensk heimili í gegnum tíðina, eða allt frá árinu 1900 til dagsins í dag. Við ætlum að gera merkum pottaplöntum í eigu Hvergerðinga, áratugagömlum ættargripum og græðlingum, hátt undir höfði,“ segir hún sæl.

„Einnig verða blómvendir frá landsfrægum og sögulegum viðburðum endurgerðir og sýndar myndir af hátíðarblómvöndum frá mismunandi tímum. Við verðum með eftirlíkingar hátíðarvanda allra forseta lýðveldisins og setjum upp plaköt á veggina og svo verða vendirnir fyrir neðan, Kristján Eldjárn með Danadrottningu,

> Við ætlum að gera merkum pottaplöntum í eigu Hvergerðinga, áratugagömlum ættargripum og græðlingum, hátt undir höfði,



Sveinn Björnsson í Hellisgerði, Ásgeir með Johnson og svo auðvitað Vigdís Finnbogadóttir á svölunum á Aragötu. Við skiljum svo eftir autt pláss fyrir þann sem tekur næst við keflinu,“ segir Auður.

Má sannarlega segja að tímasetningin sé stöngin inn, en líkt og flestum landsmönnum er kunnugt, verður gengið til forsetakosninga einmitt á laugardaginn.

„Saga blómanna er saga Hvergerðinga og landsmanna allra,“ útskýrir Auður og bendir á að til viðbótar við þetta allt saman verði Blómaböllunum í Hveragerði á árum áður gerð skil. „Árið 1955 var fyrsta blómadrottning bæjarins kosin og hefð er fyrir því að fermingarbörn séu með blóm í hári, og jakkaboðungum. Fjöldi Hvergerðinga á öllum aldri hefur svo lánað fermingarmyndina sína til sýningar. Svo verður þarna einstakt kaktusasafn Garðyrkjuskólans á Reykjum til sýnis. Þar má til að mynda sjá fjörutíu ára gamla kaktusa,“ segir Auður og spennan leynir sér ekki.

Auður segist eiga von á ágætis rennerí, fólk sé á faraldsfæti og heilmikið af sumarbústöðum í kring. Hún segist allt eins eiga von á að um tíu þúsund manns leggi leið sína í blómabæinn þessa helgina. Eins og góðri blómasýningu sæmir verður vitaskuld hægt að festa kaup á bæði pottaplöntum og blómvöndum á sérlega líflegum blómamarkaði sem komið verður upp í tilefni hátíðarinnar. Setning Blómasögusýningarinnar helst í hendur við Blóm í bæ, í dag klukkan 17.45. Dagana 25. júní til 3. júlí verður sýningin svo opin frá kl.12-18 alla daga. **gudrun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST ÁRIÐ 1956

## Hræðslubandalagið býður fram

Þennan dag árið 1956 bauð Hræðslubandalagið svokallaða fram til alþingiskosninga en það var kosningabandalag sem Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur gerðu með sér. Flokkarnir freistuðu þess að nýta kjördæmaskipanina til að ná meirihluta þingmanna án þess að hafa meirihluta kjósenda á bak við sig.

Það mistókst þó því bandalagið fékk 33,9% atkvæða og 25 þingmenn af 52. Í kosningunum árið 1953 fengu flokkarnir samanlagt 37,5% atkvæða og 22 þingmenn.

Samvinna flokkanna fólst í því að þeir buðu ekki fram hvor gegn öðrum. Framsóknarflokkurinn bauð því ekki fram í þeim kjördæmum þar sem Alþýðuflokkurinn var sterkur og öfugt. Flokksmenn voru hvattir til að kjósa samstarfsflokkinn í þeim kjördæmum þar sem þeirra eigin flokkur bauð ekki fram.

Þótt flokkarnir vildu kalla samstarfið bandalag umbóta var augljóst að þeir náðu saman á hræðslunni einni enda vildu þeir báðir koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Flokkarnir mynduðu meirihluta með Alþýðubandalaginu undir forystu Hannibals Valdimarssonar.



**Hannibal Valdimarsson**



ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
Katla
500 g
vöfflur
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Sunnanátt í dag, föstudag. Nokkuð hvasst á norðanverðu Snæfellsnesi, annars hægari vindur. Sólskin og hlýtt veður á Norður- og Austurlandi, en fer að rigna suðvestan- og vestanlands. Seinni partinn nær rigningin einnig inn á Norðvesturland.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 16° |
| ↘ 2 | ↗ 6 | → 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 18° | 11° | 8° |
| ↓ 1 | ← 3 | ↑ 7 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 11° | 15° |
| ↗ 3 | ← 2 | ↓ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 10° | 9° |
| ↑ 7 | ↙ 4 | ↑ 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fjármunir
6. tveir eins
8. nár
9. skraf
11. hljóta
12. kærleiks
14. gistihús
16. samtök
17. hyggja
18. þangað til
20. hreyfing
21. á fæti

**LÓÐRÉTT**
1. þurrka út
3. belti
4. freðmýri
5. hallandi
7. fugl
10. arinn
13. sigað
15. fiskur
16. for
19. vörumerki




**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. góss, 6. ff, 8. lík, 9. mas, 11. fá, 12. ástar, 14. hótel, 16. aa, 17. trú, 18. uns, 20. ið, 21. rist.
**LÓÐRÉTT:** 1. afmá, 3. ól, 4. siffreri, 5. ská, 7. fashani, 10. stó, 13. att, 15. lúða, 16. aur, 19. ss.

### Skák Gunnar Björnsson

Garcia átti leik gegn Bellon á Kúbu árið 1976.

**Svartur á leik**

**1. … Hg2!! 2. Dxd5 Hxh2+!**
**3. Kxh2 exd5.** Hvítur gaf enda peðsendataflið ekki verjanlegt.

**www.skak.is** Nýjustu skákfréttirnar.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | | 5 | 9 | |
| 3 | | | | 4 | | | 7 | 2 |
| | 5 | 6 | | | | 8 | 1 | |
| | | 3 | | | 4 | | | |
| 6 | 4 | | 5 | 7 | | 2 | | 1 |
| 9 | 2 | | | | | | | 6 |
| 2 | | | | 3 | 7 | | 4 | 9 |
| 7 | | 1 | | | | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | | | | | 6 | 9 |
| | | | | 6 | 2 | | 4 | |
| | | 9 | 1 | 4 | | 7 | | 3 |
| 3 | | | | | | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 4 | 5 | 2 | | 9 | | 3 | | 6 |
| | 2 | | | | 4 | | 5 | |
| 9 | | 1 | 7 | | | 4 | | |
| | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 5 | | | 8 | |
| 1 | | | | 6 | | | 7 | |
| | 7 | 8 | 1 | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | | 3 | 5 | |
| | | 2 | | 3 | 1 | | | |
| 8 | | | | | | | | 2 |
| | | | 3 | 9 | 2 | 8 | | |
| | | | 5 | | | | | |
| 2 | | 1 | | 4 | 8 | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 9 | 1 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 |
| 6 | 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 5 | 3 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 |
| 2 | 9 | 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 1 | 7 | 2 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 3 | 9 | 5 | 1 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 2 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Heimilið á að vera öruggur staður.

# Hafðu það hugfast

Veggfestingar fylgja með öllum kommóðum frá IKEA, en ef þú hefur týnt þínum eða þarft aukasett getur þú komið og sótt

**ókeypis festingar,**

hvort sem húsgagnið er frá IKEA eða öðrum framleiðanda.

Við hvetjum alla til að festa húsgögn til að koma í veg fyrir slys.





**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2016

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Varð alveg **hoppandi** og **skoppandi** glaður

**Egill Sæbjörnsson listamaður hefur verið valinn fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 2017. Hann segir kynni sín af nokkrum tröllum hafa aukið sér ásmegin og orðið sá innblástur sem til þurfti.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég fékk fréttirnar 20. júní og varð alveg hoppandi og skoppandi glaður. Dómnefndin var búin að vera í tvær vikur að velta tillögunum fyrir sér og fara ofan í saumana á þeim. Ég var að deyja úr spenningi,“ segir Egill Sæbjörnsson listamaður sem verður þátttakandi á Feneyjatvíæringnum 2017 fyrir Íslands hönd. „Ég hlakka mjög til að taka þátt,“ segir Egill. „Þetta er spes verkefni og dálítið frábrugðið því sem ég hef áður gert.“

Tuttugu og níu tillögur að framlagi til Feneyjatvíæringsins bárust Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar eftir að hún auglýsti eftir þeim, þrjár þeirra voru valdar til frekari útfærslu og tillaga Egils var valin. Hinar tvær voru frá Gjörningaklúbbnum og Margréti Blöndal myndlistarkonu. Í fréttatilkynningu um valið segir: „Egill beitir kímni sinni, klókindum og dýpt, öllu á sama tíma. Hann ruglar fólk í ríminu og kemur á óvart á meðan hann leiðir okkur á ánægjulegan hátt að tilvistarlegum spurningum.“

Þessi lýsing rímar algerlega við málflutning Egils þegar úrslit voru kynnt. Þar talaði hann um nokkur mögnuð tröll sem hann hafi kynnst fyrir nokkrum mánuðum sem langaði til að verða listamenn. „Svo var ég búinn að vera með þeim að föndra eitthvert dót og tröllin voru búin að breka um að vera með mér á sýningu. Ég var næstum búinn að lofa að þau fengju að vera með mér á sýningu hér í Reykjavík en þá kom upp þessi samkeppni um Feneyjatvíæringinn. Þetta er eiginlega verkið. Einhvers konar espressóbar,“ segir listamaðurinn og brosir – og enginn skilur neitt.

Egill er ekki einhamur í listinni. Hann er bæði mynd-, tón- og gjörningalistamaður auk þess að vera tónskáld. Hann býr og starfar bæði í Berlín og Reykjavík. Þótt hann hafi víða sýnt og margt brallað á listamannsferli sínum segir hann þátttöku á Feneyjatvíæringnum verða tröllvaxnasta viðburðinn á listamannsferlinum hingað til.“ Enn koma sem sagt tröllin við sögu, enda segir listamaðurinn þau víða geta birst og er kominn undir grínyfirborðið þegar hann sér þau fyrir sér í líki andlitslausra stórfyrirtækja eða eineltishópa á skólalóðinni.

Nú er næsta mál hjá Agli að fara út til Feneyja að skoða rýmið sem honum er ætlað þar, ásamt sýningarstjóranum Stefanie Böttcher og Björgu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar. Þau halda utan í lok þessa mánaðar.



Egill er grallaralegur þegar hann segir frá tröllunum. Enda segir í áliti fagráðsins sem valdi hann á Feneyjatvíæringinn: „Uppátækjasemi og skopskyn einkenna verk Egils.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### HUNDRAÐ TUTTUGU OG EINS ÁRS HÁTÍÐ

Feneyjatvíæringurinn (eða Tvíæringurinn í Feneyjum) er umfangsmikil alþjóðleg myndlistarsýning helguð samtímalist sem er haldin annað hvert ár (oddatöluár) í Feneyjum. Tengd hátíðinni eru líka Kvikmyndahátíðin í Feneyjum og Sýning byggingarlistar í Feneyjum (Mostra di Architettura di Venezia). Tvíæringurinn hefur verið haldinn frá 1895. Af Wikipediu

# Rammfalskt en fagurt

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

★★★★☆

**Norðurljós í Hörpu**

**laugardaginn 18. júní**

**Verk eftir Ives, Cage, Bartók og Crumb. Flytjendur:** Jerome Lowenthal, Ursula Oppens, Bjarni Frímann Bjarnason, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Steef van Oosterhout og Pétur Grétarsson.

Bandaríska tónskáldið Charles Ives samdi þrjú sérkennileg verk fyrir tvö píanó þar sem kvarttónar koma við sögu. Fyrir þá sem ekki vita þá er bilið á milli tveggja nótna á hljómborði hlið við hlið kallað hálftónsbil. En ef það væri önnur nóta á milli nótnanna tveggja, þá væri það kvarttónsbil.

Í þessum þremur verkum Ives er annað píanóið stillt kvarttóni fyrir neðan hitt. Þegar spilað er á bæði hljóðfærin í einu er samhljómurinn á milli þeirra rammfalskur. Í tónlistinni er hið falska þó sá litur sem allt snýst um, tungumál tónskáldsins. Venjulega þykir falskt píanó hljóma illa, en hér er ljótleikinn notaður til að búa til stórbrotna fegurð.

Verkin þrjú voru upphafsatriði tónleika Reykjavík Midsummer Music hátíðarinnar á laugardagskvöldið í Norðurljósum í Hörpu. Ursula Oppens og Jerome Lowenthal léku á flyglana. Spilamennskan var hárnákvæm og litrík, samhljómurinn skemmtilega annarlegur.

Til gamans má geta að eiginkona Ives hét Harmony, sem þýðir samhljómur!

Næst á dagskrá var stutt kvikmynd um myndhöggvarann Alexander Calder, sem varð frægur fyrir að búa til gríðarlega flókna óróa. Bjarni Frímann Bjarnason lék á svokallað „prepared“ píanó undir myndinni. Það þýðir að alls konar dót hafði verið sett á strengina; skrúfur, gúmmíhringir og reglustikur. Tónlistin var eftir John Cage, hún var draumkennd og tímalaus. Bjarni Frímann spilaði hana af vandvirkni og næmleika sem notalegt var að upplifa.

Síðast fyrir hlé var Out of Doors fyrir píanó eftir Béla Bartók. Þar er innblásturinn fenginn frá alls konar náttúruhljóðum, þar á meðal skordýrum. Tónlistin er yfirleitt dularfull. Síðasti kaflinn er þó miklu úthverfari, hann er sérdeilis glæsilegur, gífurlega hraður og spennandi. Jerome Lowenthal lék á píanóið. Hann gerði það af öryggi, spilamennskan var fáguð og margbreytileg. Fjórði kaflinn, Næturtónlist, var t.d. skemmtilega spúkí. Helst mátti finna að síðasta kaflanum, sem var heldur loðinn, hann hefði að ósekju mátt vera meitlaðri og snarpari.



„Bjarni Frímann spilaði af vandvirkni og næmleika sem notalegt var að upplifa,“ segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Að lokum var leikið magnað verk eftir George Crumb, Makrokosmos III: Music For a Summer Evening. Það var flutt af píanóleikurunum Ursulu Oppens og Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, einnig slagverksleikurunum Steef van Oosterhout og Pétri Grétarssyni. Þetta er ákaflega margbrotin tónlist, allt frá gríðarlega afstrakt tónarunum og hljómum yfir í ofureinfalt stef sem er endurtekið í sífellu. Erfitt er að segja um hvað hún fjallar, en hún hefur á sér frumspekilegt yfirbragð þar sem goðsagnir og trans koma við sögu.

Flutningurinn var meistaralegur. Píanóleikurinn var í senn áleitinn og blæbrigðaríkur, slagverkið ótrúlega fjölskrúðugt. Tónlistin var tilfinningaþrungið ferðalag frá myrkri yfir í ljós, óróa yfir í frið, sorg yfir í gleði – og það var einhvern veginn allt þar á milli. Þetta var stórfenglegt upplifun sem lengi verður í minnum höfð. **Jónas Sen**

